



FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

28. nóvember 2005 — 322. tölublað — 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Mótvægi við Píkusögur

Auðunn Blöndal vill ekki að menn skammist sín fyrir kynfæri sín í uppstandi sínu Typpatali.



MENNING 27

Útskúfun

Kirkjan treystir sér ekki til að gefa þig nema sú gifting sé milli karls og konu og uppfylli þannig skilyrði sem sett eru í Gamla testamentinu fyrir „réttu“ samlífi, segir Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 18

Stones og miklu fleira

Aðdáendur Rolling Stones ættu að gleðjast því út er að koma bók sem inniheldur allt sem þarf að vita um hljómsveitina.



FÓLK 42

Ísland lagði Noreg í loka-leiknum

Þriðji og síðasti æfingaleikurinn við Norðmenn fór fram í Kaplakrika í Hafnarfirði í gær og hafði íslenska liðið sigur, 32-26. Liðið er líklegt til afreka á HM í Sviss.

ÍPRÓTTIR 38



VEÐRIÐ Í DAG



SKÚRIR EÐA ÉL af og til víða um land og fremur þungbúið. Bætur í úrkomuna syðra um miðjan dag. Frostlaust með suður- og vesturströndinni að deginum, annars vægt frost.

VEÐUR 4

Fjármálaráðuneytið ásælist Íbúðalánasjóð

Fundur er fyrirhugaður í vikunni með fjármála- og félagsmálaráðuneytum til þess að koma ró á málefni Íbúðalánasjóðs. Fjármálaráðuneytið hefur sóst eftir undirtökunum í rekstri sjóðsins með því að færa hann til Láναςýslu ríkisins.

ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR Fundur er fyrirhugaður í vikunni milli fjármála- og félagsmálaráðuneyta þar sem reynt verður að ná sátt um framtíð Íbúðalánasjóðs. Eftir því sem næst verður komið er deilt um framtíðarhlutverk Íbúðalánasjóðs.

Fjármálaráðuneytið hefur sóst eftir því að færa starfsemi sjóðsins undir Láναςýslu ríkisins og þar með fjármálaráðuneytið í stað félagsmálaráðuneytis. Umsvif sjóðsins í íslensku hagkerfi eru umtalsverð en fyrirhugaðar lán-tökur hans á næsta ári nema 88 milljörðum króna.

Fyrirtækið Ráðgjöf og efnahagsspár ehf. sendi félagsmálaráðuneytinu reikning upp á rúmar

sjö milljónir króna sem ráðuneytið neitar að greiða. Reikningurinn var fyrir úttekt á fjárhagslegri stöðu Íbúðalánasjóðs. Niðurstöður þessarar úttektar hafa enn ekki birst.

Árni Magnússon félagsmálaráðherra sagði nýverið í fjölmiðlum að hann legðist ekki gegn þessari úttekt en benti á að engin niðurstaða hefði náðst um hvað ætti að skoða og hvað slík úttekt ætti að kosta. Í sama viðtali taldi ráðherrann að það væri að sölunda með almannaþé að greiða sjö milljónir fyrir þessa þjónustu.

„Það er búið að tala alveg nóg um þetta,“ var það eina sem Þórhallur Arason á fjárreiðuskrif-

stofu fjármálaráðuneytisins hafði um málið að segja í gærkvöldi. Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, er erlendis og varð ekki fyrir svörum.

Fyrirtækið Capto Financial Consulting í Svíþjóð sinnir þessu sama ráðgjafar- og úttektarhlutverki fyrir Íbúðalánasjóð og hefur sent reikning fyrir sína vinnu sem hljóðar upp á einn tíunda af því verði sem Ráðgjöf og efnahagsspár setur upp. Capto gegnir svipuðu ráðgjafar- og úttektarhlutverki meðal annars fyrir sænska seðlabankann, Volvo, Electrolux og fleiri stór alþjóðleg fyrirtæki.

- saj



ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR Er að gera upp við sig hvort hún taki þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi.

Ásthildur Helgadóttir: Hugsanlega á leið í framboð

STJÓRN MÁL Ásthildur Helgadóttir, fyrirlíði kvennalandsliðsins í knattspyrnu, mun hugsanlega taka þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í Kópavogi í vor.

Ásthildur segir í samtali við Fréttablaðið í dag að framboðsmál hafi verið rædd við hana en engin ákvörðun liggja fyrir. „Þetta er stór ákvörðun og ég vil hugsa málið vel áður en ég ákveð eitthvað,“ segir hún.

Ásthildur gekk nýlega til liðs við Kópavogssliðið Breiðablik en hún lék með félaginu um árabíl áður en hún reri á önnur mið. Hún er nú að flytjast frá Svíþjóð þar sem hún hefur leikið í tvö ár með Malmö FF.

Sjá síðu 22

Jólasveinaáhugafólk: Veldur örtröð

NOREGUR Norsk flugyfirvöld búast við miklum flugumferðartoppum þessi jólin vegna fjölda Bretu í leit að jólasveininum, samkvæmt norska dagblaðinu Aftenposten.

Búist er við um 400.000 erlendum gestum í heimsókn til jólasveinsins í smiðju sinni í Rovaniemi í Finnlandi. Um níutíu prósent þessara gesta eru Bretar sem fljúga í gegnum Suður-Noreg.

Þetta þýðir að á hverri klukkustund í desember verða allt að 25 vélar í norskri lofthelgi á leið til jólasveinsins. Yfirvöld búist við því að jólasveinaörtröðin valdi seinkunum á venjubundnu flugi til og frá Noregs, sem og á innanlandsflugi, í desember. ■



SEIÐANDI TÓNAR SIGUR RÓSAR Um fimm þúsund manns hlýddu á hljómsveitina Sigur Rós á tónleikum hennar í Laugardalshöll í gærkvöldi. Þetta voru fyrstu tónleikar hljómsveitarinnar á Íslandi í þrjú ár og eftirvænting aðdáenda mikil. Sigur Rós lék lög af plötunni sinni Takk sem kom út í haust en hún hlaut góða dóma gagnrýnenda bæði hérlendis og erlendis. Sveitin hefur verið á tónleikaferðalagi um Evrópu að undanförmu og á nýju ári liggur leiðin vestur um haf.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ekið á gangandi vegfaranda á Miklubraut: Ókunnur maður á gjörgæslu

LÖGREGLA Ekið var á gangandi vegfaranda á Miklubraut um hálf þrjú aðfaranótt sunnudags. Slysíð varð rétt austan við gatnamótin við Rauðarárstíg. Bíl á vesturleið var ekið á manninn, sem slasaðist alvarlega og var fluttur á sjúkrahús.

Maðurinn er meðvitundarlaus og liggur nú á gjörgæslu. Sá slasaði hafði engin skilríki á sér og því er ekki vitað hvert nafn mannsins er eða hvar hann er búsettur. Lögreglan hefur nú undir höndum upplýsingar sem gætu varpað ljósi á hver maðurinn er, en auglýst var í gær eftir upplýsingum sem gætu nýst lögreglunni í málinu.

Talið er líklegt að maðurinn sé útlendingur þar sem hann hafði í fórum sínum pakka af sígarettuteg-



und sem ekki er þekkt hér á landi. Lögregla hefur haft samband við hótél í Reykjavík í von um að einhver myndi bera kennsl á þann slasaða, en án árangurs. Að sögn lögreglu er erfitt fyrir stærri hótél að fylgjast með ferðum allra gesta sinna og því mun leitinn taka nokkurn tíma. Ókumaður bifreiðarinnar var yfirheyrður og er málið enn í rannsókn.

- jóa

LIGGUR PUNGT HALDINN Á GJÖRGÆSLU Maður varð fyrir bíl á Miklubraut í fyrrinótt. Ekki hefur tekist að bera kennsl á manninn þar sem hann var skilríkjalaus. Maðurinn er meðvitundarlaus og liggur á gjörgæsludeild Landspítalans.

Lestur meðal 25-45 ára

Lestur Fasteignablaða

31% Fréttablaðið

16% Mbl.

Allt- fasteignir, á mánuðögum Fasteignablað Morgunblaðsins

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í október 2005. Lestur meðal 25-45 ára.

VIKULEGAR SIGLINGAR

ATLANTSSKIP

FLYTJA VÖRUR

FRÁ EVRÓPU

Miðvikudagar Vlissingen / Holland

591 3000

1 af 1007



Eitt framsæknasta fyrirtæki Evrópu, Avion Group, stefnir á að verða öflugasta alhliða flutninga fyrirtæki í heimi. Um 4500 manns á 85 starfsstöðvum í öllum byggðum heimsálfum skapa okkur ómæld sóknarfæri.

Að vera á réttum stað á réttum tíma er einkenni öflugrar sóknar. Það er nokkuð sem 1007 flugmenn Avion Group hafa ávallt að leiðarljósi.



www.aviongroup.is

Betri notaðir Corolla í toppformi.



LEIÐSALA AUGLEIÐINGASTOFNANNA.SIS - 001 10133 - 11/2015

Corolla Sedan á kostakjörum.

Betri notaðir Corolla Sedan eru bestu kaupin í nóvember og eru langt frá því að vera útkeyrðir. Sem fyrrverandi bílaleigubílar hafa þeir verið mikið dekraðir og undir stöðugu eftirliti. Ef þú vilt úthaldsmikinn bíl á hagstæðu verði fyrir veturinn þá er Corolla Sedan bíllinn fyrir þig.

Verð frá 1.250.000 kr.
Mánaðarleg greiðsla frá 18.486 kr.*



* m.v. 10% útborgun og 75 mánaða bílasamning hjá Glitni. Gildir aðeins út nóvember.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

Áhyggjulaus og örugg bílaviðskipti - strangt skoðunarferli, 14 daga skiptiréttur, ókeypis skoðun eftir 1000 km, allt að 1 árs ábyrgð.

Toyota
Nýbýlavegi 4
KÓPAVOGUR
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
AKUREYRI
Sími: 460-4300

Toyotasalurinn
Njarðarbraut 19
REYKJANESBÆR
Sími: 421-4888

Toyotasalurinn
Fossnesi 14
SELFOSS
Sími: 480-8000



KJÖRKASSINN

Á að leyfa hunda á Laugaveginum?

JÁ	32,7
NEI	67,3

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnur þú fyrir aukinni mengun?

Segðu þína skoðun á vísir.is

Vatn í kínversku borginni Harbin drykkjarhæft á ný:

Mengað vatn til Síberíu

KÍNA, AP Í gær var opnað fyrir drykkjarvatn úr kínversku ánni Songhua í norðausturhluta Kína, fimm dögum eftir að yfirvöld lokuðu fyrir neysluvatn 3,8 milljóna íbúa borgarinnar Harbin vegna mengunar.

Mengunin var tilkomin vegna sprengingar í efnaverksmiðju í Jilin í Kína um miðjan þennan mánuð, sem olli því að 100 tonn af bensóli bárust í ána, helstu uppsprettu vatns í borginni. Íbúar Harbin og nágrennis þvo sér upp úr vatninu og drekka það og bændur nota vatnið til áveitu. Bensólið í vatninu er þrjátíu sinnum yfir það sem telst vera öruggt, en bensól er

litlaus og rokkgjarn vökvi sem er notaður í efnaiðnaði.

Stærsta olúfyrirtæki Kína hefur beðist afsökunar á sprengingunni sem olli menguninni. Samkvæmt upplýsingum frá kínverskum yfirvöldum hefur enginn veikst eftir að hafa innbyrt mengað vatn. Rússar hafa lýst yfir áhyggjum vegna mengunarinnar og kanna þessa dagana hvað hægt sé að gera svo mengun frá efnaverksmiðjunni berist ekki til Síberíu í byrjun desember, en bensólið liggur í um 80 kílómetra löngum hluta árinna og færist mengunin sífellt nær Rússlandi. Kínversk yfirvöld segjast hafa sett hreinsibúnað í ána. ■



BEIÐ EFTIR HREINU VATNI Opnað var fyrir drykkjarvatni í gær úr kínversku ánni Songhua.


Hjálparstofnun Kirkjunnar: Um sjö milljónir söfnuðust

SÖFNUN Fermingarbörn um allt land gengu í hús hinn 7. nóvember og söfnuðu í bauk Hjálparstofnun Kirkjunnar.

Í ár náðu fermingarbörnin að safna 6,6 milljónum króna og mun féð renna til verkefna í Afríku. Rúmlega 3.100 börn tóku þátt í söfnunni en árangur hennar hefur vaxið ár frá ári. Í fyrra söfnuðust 5,5 milljónir en þá var þátttakendafjöldi aðeins minni en í ár. Undanfari söfnunarinnar var fræðsla um aðstæður fólks í fátækum löndum heims og verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar þar.

- jóa

YRSA SLÆR Í GEGN!



Yrsa Sigurðardóttir

Vætanleg um allan heim!

„...skilar lesanda **vel unninni** og **hugsaðri glæpasögu**.“

— Páll Baldvin Baldvinsson, DV

„**Fersk rödd ... Hröð** atburðarás og **hressilegur still**.“

— Katrín Jakobsdóttir, gagnrýnandi

„Eitthvað **alveg sérstakt**“

— Suzie Doore, útgáfustjóri Hodder og Staughton í Bretlandi

„Allt er þetta **vel gert** ...“

— Halldór Guðmundsson, Fréttablaðinu

„Fléttan er **spennandi** ...“

— Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljósi

Veröld
BÓKAFORLAG

BRÆDRABORGARSTÍG 9, SÍMI 414 1450
www.verold.is • verold@verold.is



ÓFREMDARÁSTAND Íraskur hermaður og slökkviliðsmenn skoða skemmdirnar sem sjálfsmorðsárás olli á anddyri sjúkrahúss í Írak í síðustu viku. Þrjátíu manns létust í sprengingunni og 35 særðust.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannréttindabrot færast í aukana

Fyrirverandi forsætisráðherra Íraks segir ástand mannréttindabrotanna í Írak vera orðið jafn slæmt og það var á dögum Saddam Hussein og að allar líkur bendi til að þetta ófremdarástand versni.

ÍRAK Mannréttindabrot í Írak færast sífellt í aukana og er ástandið orðið svo slæmt að fólk er farið að bera það saman við tíma Saddams Husseins.

„Fólk hagar sér nú eins og það gerði á tímum Saddams, eða jafnvel verr,“ segir Ayad Allawi, sem gegndi störfum fyrsta forsætisráðherra Íraks eftir fall Saddams Husseins. Þetta kemur fram í breska dagblaðinu Observer í gær.

„Það er við hæfi að bera þetta saman, fólk minnst daga Saddams. Við börðumst við Saddam vegna þessara ástands, en nú sjáum við sömu hlutina aftur,“ segir Allawi, sem lét af störfum í apríl eftir fyrstu lýðræðislegu kosningar landsins.

Allawi er afar harðorður og sakar sjíamúslima í ríkisstjórn-

inni um að vera ábyrgir fyrir aftökusveitum og leynilegum pyntingabúðum. Meðferð á fögnum nýju öryggisgæslunnar er verri en sú sem leynilögregla Saddams sýndi sínum fögnum, að sögn Allawis.

Allawi var mikill fylgismaður innrásar Bandaríkjahers og gaf hann yfirlýsingar sínar á laugardag eftir að frekari vísbendingar bárust um að George Bush Bandaríkjaforseti ætlaði sér að fjarlægja allt að 40.000 bandaríska hermenn úr Írak á næsta ári og láta her Íraks taka við öryggisgæslu í landinu.

Talið er að yfirlýsingar Allawis muni grafa undan orðum ríkisstjórnar Íraks og Bandaríkjanna um að hlutirnir fari hratt batnandi í Írak.

„Írak er miðpunktur þessa svæðis. Ef hlutirnir fara úrskaiðis geta hvorki Evrópa né Bandaríkin verið viss um öryggi sitt,“ segir Allawi og bætir við að innanríkisráðuneytið sé að miklum hluta til ábyrgt fyrir ófremdarástandinu, en nýverið komst upp um leynifangelsi ráðuneytisins. Auk þess hefur þessi fyrsta lýðræðislega kosna ríkisstjórn Íraks verið sökuð um að eiga aðild að fjölmörgum mannskövöldum, pyntingum og aftökum.

Allawi segist hafa svo litla trú á lögum og reglu í Írak að hann hafi skipað lífvörðum sínum að skjóta á alla lögreglubíla sem reyni að nálgast höfuðstöðvar hans án þess að hafa tilkynnt um komu sína fyrir fram.

smk@frettabladid.is

Borgarstjórn Kaupmannahafnar vill fækka vínveitingahúsum:

Áfengisvandinn fer vaxandi

DANMÖRK Fjöldi kráa, kaffihúsa og veitingastaða með vínveitingaleyfi í Kaupmannahöfn hefur aukist um fimmtán prósent síðasta áratug. Borgaryfirvöld vilja nú stemma stigu við þessari þróun að því greint er frá í dagblaðinu Berlingske Tidende. Ástæðan er meðal annars sú að áfengisvandi meðal ungra borgarbúa hefur farið vaxandi hin síðustu ár.

Margir veitingamenn hafa brugðið á það ráð að selja áfengi ódýrt á ákveðnum tímum dags vegna ört harðnandi samkeppni. Það er talið hafa ýtt undir drykkju þeirra yngstu.

Meðal þess sem borgaryfirvöld setja á stefnuskrána er að auka fræðslu meðal barþjóna og dyravarða með það að markmiði að koma í veg fyrir ofdrykkju. Haft er eftir formanni samtaka veitingahúsaeigenda í blaðinu að hann telji ekki að fækkun vínveitingaleyfa minnki drykkju enda muni þeir sem vilja drekka færa sig á þá staði sem eru opnir.

Talsmenn borgaryfirvalda segja hins vegar að alþjóðlegar rannsóknir sýni að sterk tengsl séu á milli fjölda vínveitingastaða og drykkju og því borgi sig að fækka vínveitingahúsum.

- ks



MIDDORBORG KAUPMANNAHAFNAR Borgaryfirvöld hyggjast auka fræðslu meðal barþjóna og dyravarða til að koma í veg fyrir ofdrykkju gesta.

„Drífðu þig!“

Þessi mynd var tekin nokkrum augnablikum eftir að við frelsuðum þessa ungu fjölskyldu sem hafði verið lokað inni í 360 daga samfleytt með allt of lítinn hraða og mjög takmarkað niðurhal.

Svo sannarlega merkileg tímamót fyrir þau og okkur hjá Hive, en við vitum að hver mínúta skiptir máli því fleiri bíða frelsisins. Þess vegna sögðum við ljósmyndaranum að drífa sig. Við biðjumst því afsökunar á töfnni sem þessi myndataka olli.

Við reynum að láta það ekki gerast aftur.



3.990*
Hive Lite
 Práðlaust internet
 4 GB niðurhal
 8 Mb tenging
 Hive netsími

*Hive Lite er hagkvæm áskriftarleið sem færir þér fráðlaust internet, 4 GB niðurhal, 8 Mb tengingu, ódýrari símtöl – aðeins 5 kr. á mínútu í heimasíma rúmlega 30 landa og fullkominn tækjabúnað, ásamt allri uppsetningu án aukagjalds á aðeins 3.990 kr. á mánuði.

Hive.is · Grensásvegi 16 · Reykjavík · Þjónustusími 414 1616 · hive@hive.is



Reykjavíkflugvöllur er þekkingarþorp

Borgarstjórnarflokkur F - listans boðar til almenns fundar um framtíð Reykjavíkflugvallar í Norræna húsinu þriðjudaginn 29. nóv. kl.17

Dagskrá:

Framsögumenn



Ólafur F. Magnússon
borgarfulltrúi



Jón Karl Ólafsson
forstjóri Icelandair
Group og Icelandair



Benóný Ásgeirsson
Yfirflugstjóri

Allt áhugafólk um flugvöllinn er hvatt til að mæta á fjörugan fund um málefni sem brennur á borgarbúum.



Fundarstjóri Margrét Sverrisdóttir

Borgarstjórnarflokkur F - listans.



Nýtt Orkusetur mun draga fleira fólk til Norðurlands:

Vistvæn orka á Akureyri

ORKUMÁL Orkustofnun og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hafa sett nýtt orkufyrirtæki á laggirnar á Akureyri, með fjárhagslegri aðstoð KEA, Samorku og Evrópusambandsins. Fyrirtækið Orkusetrið tók til starfa á fimmtudag undir stjórn Sigurðar Inga Friðleifssonar.

„Þetta er í samstarfi við Evrópusambandið,“ segir Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra. „Við sóttum um styrk vegna þessa því Evrópuþjóðir eru að hugsa um þetta mál, það er að fara vel með orku. Sambandið leggur í þetta fimm til sex milljónir króna í þrjú ár. Síðan erum við í samstarfi við KEA, sem leggur

einnig fimm milljónir króna í þetta á ári í þrjú ár, og svo kemur ríkið að þessu að auki.“

Hlutverk Orkuseturs er að stuðla að aukinni vitund almennings og fyrirtækja um skilvirka orkunotkun og möguleika til orkusparnaðar. Verkefni Orkuseturs verða einnig á sviði nýrra orkugjafa og gerð fræðsluefnis. Til Akureyrar verða jafnframt flutt verkefni á sviði vettvangs um vistvænt eldsneyti sem hefur það að markmiði að vera stjórnvöldum til ráðgjafar í málefnum er varða vistvænni eldsneytisnotkun og möguleika á nýtingu innlendrar orku í því samhengi.

- jh/smk



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR Nýtt Orkusetur tók til starfa á Akureyri á fimmtudag.

Stefnt að skipun sérstakrar samráðsnefndar trúfélaga á Íslandi:

Umburðarlyndi og virðing

TRÚMÁL Fulltrúar fimm trúfélaga á Íslandi veittu nýjasta tölublaði blaðs Alþjóðahússins, Eins og fólk er flest, móttöku við formlega athöfn á föstudaginn. Sérstakt viðfangsefni þessa tölublaðs er trúarbrögð og er markmiðið að fjalla um trúarbrögð á aðgengilegan hátt ásamt því að vekja athygli á gildi þeirra fyrir samfélag og einstakling.

Fulltrúar helstu trúfélaga á Íslandi hafa hist á fundum frá því í vor að frumkvæði þjóðkirkjunnar til þess að kanna grundvöllinn fyrir stofnun sérstakrar samráðsnefndar trúfélaga á Íslandi. Markmiðið með þessari vinnu er að stuðla að umburðarlyndi og virðingu milli fólks af ólíkum trúarbrögðum. Nefndinni er einnig ætlað að stuðla að upplýsingaflæði og málefnalegum samskiptum milli trúfélagna og hjálpa þeim við að ræða sameiginleg hagsmunamál eins og aðgang að trúarlegri þjónustu á opinberum vettvangi.

Í blaðinu er að finna umfjöllun um bahá'ía, búddista, gyðinga, kristna og múslima. Blaðið er ritað á íslensku og ensku og er dreift um landið til bensinstöðva.

- saj



FULLTRÚAR TRÚFÉLAGA HITTAST Fulltrúar ásatrúarfélagsins, Bahá'í samfélagsins, Félags múslima á Íslandi, kaþólsku kirkjunnar og þjóðkirkjunnar við útgáfuathöfn blaðs Alþjóðahússins.

Almenni lífeyrissjóðurinn

Sjóðfélagafundur

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins boðar til sjóðfélagafundar þriðjudaginn 29. nóvember 2005 í Gullteigi á Grand Hótel Reykjavík kl. 17.15. Á fundinum verður lögð fram tillaga um sameiningu Almenna lífeyrissjóðsins og Lífeyrissjóðs lækna.

Upplýsingar um tillögu um breytingar á samþykktum eru á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is.



Dagskrá

1. Fundarsetning.
2. Tillaga um breytingu á samþykktum sjóðsins. Lagt er til að Almenni lífeyrissjóðurinn og Lífeyrissjóður lækna sameinist.
3. Önnur mál.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.

Flugmálafélag Íslands: Vill flugvöllinn í Vatnsmýri

SKIPULAG Félagsmenn í Flugmálafélagi Íslands telja það óviðunandi að leggja niður innanlandsflugvöll á höfuðborgarsvæðinu. Enn fráleitari segja þeir hugmyndina vera um að flytja starfsemi Reykjavíkflugvallar til Keflavíkur. Þetta kemur fram í samþykkt félagsins frá síðasta ársfundi.

Félagsmenn segja að þó flugstarfsemi Reykjavíkflugvallar taki nokkurt landrými sé þjónustan og starfsemin sem völluminn veiti nauðsynleg höfuðborgarsvæðinu og ekki síður landsbyggðinni, sérstaklega þegar lítið sé til sjúkraflygs.

- smk

Heimilisofbeldi á Spáni:

Aðeins fimm prósent kæra

MADRÍÐ, AP Rúmlega tuttugu og átta þúsund manneskjur voru handteknar á Spáni á síðasta ári vegna heimilisofbeldis.

Alls bárust lögreglunni yfir 43.800 kvartanir vegna ofbeldis á konum í landinu. Frá janúar fram í nóvember á þessu ári voru 56 konur myrtar á Spáni af mökum sínum eða fyrrverandi mökum. Það eru ellefu prósentum færri morð en í fyrra en þá voru 72 konur myrtar.

Talið er að aðeins fimm prósent þolanda heimilisofbeldis á Spáni kæri verknaðinn til lögreglu. ■

NÝTT MEISTARAVERK LEXUS IS 250



ISLENSKA AUGLÍSINGASTOFNAN/SIA.IS TOY 30289 11/2005

Nýr Lexus IS 250 er lúxusbíll sem vekur aðdáun vandlátra sérfræðinga og bílunnenda um allan heim.

Nýr Lexus IS 250 er algjört eðaltæki, einstök listasmíði þar sem háþrúð tækni, þægindi og öryggi eru í öndvegi. Hann býður þeirra sem gera kröfur um framúrskarandi gæði.

Verð frá 3.800.000 kr.

 **LEXUS**
The pursuit of perfection



FUGLAFLENSUÆFING Læknar í Hanoi í Víetnam þykjast sinna sjúklingi, en fuglaflensu-æfing var haldin í borginni í gær. Um 900 manns tóku þátt í æfingunni, sem haldin var svo heilbrigðisfyrirvöld í landinu gætu verið sem best undirbúin ef fuglaflensufaraldur brýst út. Yfir fjórútu manns hafa látist úr fuglaflensu í Víetnam síðan árið 2003.

MYND/AP

Heimssamtök launþega vilja stöðva GATS-samningana og treysta réttindi fólks:

Mannleg réttindi verði skýrð

RÉTTINDABARÁTTA Alþjóðleg samtök launafólks í almannajónustu (PSI) vilja að Almennt samkomulag um verslun á sviði þjónustu (GATS) verði stöðvað uns ríkisstjórnir þróðu ríkjanna hafa gert samkomulag við verkalyðshreyfinguna og samtök sem berjast fyrir almannahag um Almennt samkomulag um almannajónustu (GAPS).

Ögmundur Jónasson, formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og þingmaður Vinstri grænna, á sæti í stjórn PSI en stjórnarfundir samtakanna er nýlökkið. Á fundinum kom fram að lítill vilji væri innan Alþjóða-

viðskiptastofnunarinnar til að hægja á kröfunni um einkavæðingu almannajónustu, hvað þá að vinna að samkomulagi um GAPS.

Af hálfu launþegasamtakanna snýst hugmyndin um GAPS um að skilgreina mannleg, félagsleg og efnahagsleg réttindi, skylda ríkisstjórnir til að tryggja réttindin og fjalla um leiðir til að ná skilgreindum markmiðum.

- bps

ÖGMUNDUR JÓNASSON
Situr í stjórn PSI.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Rannsóknarnefndir:

Frumvarp á Alþingi

ALÞINGI Lagafrumvarp um rannsóknarnefndir hefur verið lagt fram á Alþingi.

Frumvarpinu er ætlað að bæta úr þeirri staðreynd að í íslenskum lögum er ekki gert ráð fyrir skipun almennra og óháðra rannsóknarnefnda, sem rannsakað geta mál yfirvalda eða stjórnvaldsathafnir er varða almannahag. Slíkar nefndir og lög um þær er að finna í mörgum nágrannaríkjunum.

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, er fyrsti flutningsmaður frumvarpsins.

- smk

Umboðsmaður Alþingis:

Vill útskýringu ráðuneytisins

ALMANNATRYGGINGAR Forsvarsmenn Félags eldri borgara í Reykjavík gengu á fund umboðsmanns Alþingis í síðustu viku í leit að svörum um hvort breytingar í reglugerðum Heilbrigðisráðuneytisins gengu þvert á lög um almannatryggingar. Breytingar þessar hafa stöðvað greiðslur Tryggingastofnunar til fjölmargra ellilífeyrisþega.

Umboðsmaður hefur því farið fram á að heilbrigðisráðuneytið rökstyðji á hvaða lagagrundvelli breytingarnar voru gerðar og ber ráðuneytinu að svara ekki síðar en 1. desember.

„Við vonumst auðvitað til að reglugerðin verði einfaldlega dregin til baka,“ segir Margrét Margeirsdóttir, formaður félagsins.

- smk

Endurvarpi á Hjörleifshöfða:

TF-LÍF flytur búnað á fjall

FJARSKIPTI Á laugardaginn var settur upp fjarskiptaendurvarpi á Hjörleifshöfða. TF-LÍF, þýla Landhelgisgæslunnar, flutti búnaðinn og rafgeyma á staðinn og sáu meðlimir björgunarsveitarinnar Víkverja ásamt Sigurði Harðarsyni rafendavirkja um uppsetninguna.



UNNIÐ VIÐ UPPSETNINGU Björgunarsveitin Víkverja sá um uppsetningu endurvarpan.

Endurvarpanum er ætlað það hlutverk að auka samskiptaöryggi ef kemur til eldsumbrota í Kötlu. Fyrir eru endurvarpar á Háfelli og í fjallinu Höttu en hugsanlegt er að eldgos gæti haft áhrif á virkni þeirra.

- saj

Langflest brot á höfuðborgarsvæðinu

Langflestar tilkynningar um brot gegn börnum berast frá höfuðborgarsvæðinu, rúm sjötíu prósent. Af öllum tilkynningum um brot gegn börnum berast 95 prósent tilkynninganna beint til barnaverndarnefnda.

BARNAVERND Á fyrstu þremur fjórðungum þessa árs bárust Barnaverndarstofu alls 3.648 tilkynningar um brot gegn 3.576 börnum.

Af þeim bárust 71,9 prósent tilkynninganna frá höfuðborgarsvæðinu og 28,1 prósent frá landsbyggðinni. Ástæður tilkynninga skiptast þannig að 46,7 prósent eru vegna áhættu hegðunar barna, 35,6 prósent vegna vanrækslu, 17,3 prósent vegna ofbeldis, og 0,4 prósent vegna gruns um að heilsa eða líf ófædd barns sé í hættu.

Barnaverndarstofa heldur utan um fjölda tilkynninga sem berast barnaverndarnefndum landsins, en sískráning brota hófst í byrjun þessa árs. Síðan í febrúar árið 2004 hefur Neyðarlínan tekið við tilkynningum um brot gegn börnum, en enn berast langflestar tilkynningar beint til barnaverndarnefnda, um 95 prósent allra tilkynninga. Langflestar tilkynningar sem berast Neyðarlínunni eru vegna mála í Reykjavík.

Ef grunur leikur á að líf barnsins sé í hættu sendir Neyðarlínan



TIL BÓTA Pórhildur Línal var umboðsmaður barna í áratug. Hún segir það vera mikið til bóta að nú sé hægt að tilkynna grun um brot gegn börnum til Neyðarlínunnar.

lögreglu og sjúkrabíl á svæðið. Sé um annan forgang að ræða sendir Neyðarlínan málið til starfsmanns viðkomandi barnaverndarnefndar, en alltaf er starfsmaður á bakvakt, berist tilkynningin utan venjubundins vinnutíma. Að öðru leyti er málið sent viðkomandi barnaverndarnefnd í býtið daginn eftir að tilkynning berst.

Ef grunur leikur á að brotið sé gegn barni ber fólki samkvæmt lögum að tilkynna það.

„Sú skylda hvílir á hverjum og einum að ef grunur vaknar um að barn búi við slæman aðbúnað að tilkynna það til barnaverndar,“ segir Pórhildur Línal lögfræðingur, sem starfaði í áratug sem umboðsmaður barna. „Það er mikil hagræðing í því að nú er bara eitt númer sem hægt er að hringja í til þess tilkynna grun um brot, ég held það sé mikið til hins góða og auðveldi fólki að tilkynna.“

smk@frettabladid.is



NEYÐARLÍNAN Neyðarlínunni 112 berast aðeins um fimm prósent allra tilkynninga um brot gegn börnum.

Hótel Reykjavík Centrum og Frank Michaelson fá viðurkenningar:

Þróunarverðlaun miðborgar

VERÐLAUN Þróunarfélag miðborgarinnar afhenti síðastliðinn föstudag Hótel Reykjavík Centrum viðurkenningu fyrir að „hafa með framúrskarandi hætti stuðlað að þróun og uppbyggingu í miðborg Reykjavíkur,“ eins og segir í tilkynningu. Við sama tækifæri var Frank Michaelson úrsmíðameistara afhentur Njarðarskjöldurinn. Skjöldurinn er veittur sem viðurkenning til þeirra sem þykja hafa rekið ferðamannaverslun ársins.

Bygging hótelsins við Aðalstræti á sér nokkuð sérstæða sögu þar sem skálarústir frá landnámsöld komu í ljós þegar hafist var handa við gróft. Á næsta ári verður opnuð sýningaraðstaða undir hótelinu þar sem hægt verður að virða fyrir sér rústirnar. Sérstakt lof fær hótelbyggingin sjálf



NJARÐARSKJÖLDURINN AFHENTUR Stefán Jón Hafstein afhendir Frank Michaelson Njarðarskjöldinn á föstudag.

þar sem gamli timburhúsaþillinn hefur verið endurlífgaður.

Úrsmíðaverkstæði Franks Michaelson á rætur sínar að rekja til ársins 1909 er Frank opnaði

sína fyrstu verslun á Saudárkróki. Í dag er úrsmíðaverkstæðið rekið af Frank Michaelson hinum þriðja ásamt Róbert Michalsen syni hans.

- saj



VERKFRÆÐISTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

ÁRSFUNDUR

Ársfundur Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands verður haldinn í Öskju, Sturlugötu 7, miðvikudaginn 30. nóvember, frá kl. 16:00-18:00.



Dagskrá:

- 16:00 Setning. Valgerður Sværisdóttir, iðnaðarráðherra.
- 16:10 Verkfræðileg nálgun við banka. Sigurjón Þ. Arnason, bankastjóri Landsbanka Íslands.
- 16:30 Súrefnisrannsóknir og sprötafyrirtæki. Samstarf verkfræðinga og lækna í lífverkfræði. Einar Stefánsson, Landspítali – Háskólasjúkrahús.
- 16:50 Viðurkenning Verkfræðistofnunar fyrir framúrskarandi rannsóknarframlag. Magnús Þór Jónsson, formaður stjórnar VHÍ.
- 16:55 Viðurkenningar til bestu meistaranema í verkfræði. Agnar Már Jónsson, forstjóri Opinna kerfa ehf.
- 17:00 Ársskýrsla Verkfræðistofnunar HÍ. Magnús Þór Jónsson, formaður stjórnar VHÍ.
- 17:10 Léttar veitingar og spjall.

Fundarstjóri verður Sigurður Brynjólfsson, forseti Verkfræðideildar.

Allir velkomnir.

Stjórn VHÍ

GÓÐA VEISLU GJÖRA SKAL

Nú er veisla hjá Subaru! Gengið hefur aldrei verið hagstæðara, Subaru er betri en nokkru sinni fyrr og nú færðu jólagjöf líka! Tryggðu þér afburðabíl fyrir jól og þú færð hundraðþúsund króna gjafabréf í Ormsson í kaupbæti.

ORMSSON
100.000 kr.
í jólagjafir handa þér og þínum



LEGACY
Verð frá 2.310.000 kr.
TAKMARKAÐ MAGN!

FORESTER
Verð frá 2.390.000 kr.
TAKMARKAÐ MAGN!



IMPREZA
Verð frá 1.990.000 kr.
TAKMARKAÐ MAGN!



SUBARU
MED HUGANN VIÐ AKSTURINN

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a
800 Selfossi
482-3100

Eyjarlandi 1
530 Hvammstanga
451-2230

Sæmundargötu 3
550 Sauðárkróki
453-5141

Holtsgötu 52
260 Njarðvík
421-8808

Dalbraut 2b
300 Akranesi
431-1376

Víkurbraut 4
780 Höfn í Hornafirði
478-1990

Búðareyri 33
730 Reyðarfjörður
474-1453

Sindragötu 3
400 Ísafjörður
456-4540

Óseyri 5
603 Akureyri
461-2960



ÚTFÖR Í ÍRAN Íranskt barn ber sér á brjóst í útför 110 óþekktra hermanna sem féllu í stríðinu við Írak 1980-1988 í Teheran á föstudag. Jarðneskar leifar „píslarvottanna“ fundust nýlega.

MYND/AP

Og Vodafone eykur þjónustu sína við viðskiptavinum:

Aukin afþreying í farsímum

UPPLÝSINGATÆKNI Og Vodafone kynnti á föstudag nýja þjónustu fyrir farsímanotendur sem gerir þeim kleift að spila tölvuleiki, sækja fréttir og nálgast aðra afþreyingu í gegnum símann sinn í mun meira magni og betri gæðum en áður hefur þekkt.

Þjónustan sem nefnist Vodafone live! var fyrst kynnt í Bretlandi árið 2002. Þeir sem nýta sér þjónustuna þurfa að borga fyrir hana en fá ávallt upp á símaskjáinn hvað tiltekin þjónusta kostar. „Þessi þjónusta er ný á Íslandi, nú erum við ekki eingöngu að flytja símtöl heldur alls konar afþreyingu, leiki, tónlist, hringtóna og

fréttir,“ segir Björn Víglundsson, markaðsstjóri Og Vodafone á Íslandi. Til að nýta sér þjónustuna þarf sérstaka gerð af farsímum sem eru nýir á markaðnum. „Við gerum fastlega ráð fyrir því að þessi þjónusta eigi eftir að verða vinsæl hér á landi, hún hefur notið mikilla vinsælda í Evrópu þar sem hún hefur verið kynnt,“ segir Björn.

- sk

ÁRNI PÉTUR JÓNSSON Kynnti nýja þjónustu farsímanotenda Og Vodafone á föstudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



Lög til verndar börnum:

Auglýsendur ofsækja börn

DANMÖRK Fimmti hver unglingur í Danmörku fær send óumbeðin smáskilaaboð í gegnum farsímum sinn frá auglýsendum.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu danska Neytendaráðsins, sem kynnt var fyrir helgi. Í skýrslunni kemur einnig fram að fjöldi auglýsinga í kringum barna- og fjölskylduefni í sjónvarpi hafi aukist hlutfallslega mikið síðustu ár.

Neytendamálaráðgjafi Danmerkur sagði í viðtali við dagblaðið Politiken á föstudag að ný lög sem vernduðu börn og unglínga fyrir auglýsingaáreiði væru í vinnslu. ■

Fylgistap uggvænlegt fyrir Ingibjörgu

Stjórn málafræðingarnir Baldur Þórhallsson og Indriði Haukur Indriðason eru á einu máli um að fylgistap Samfylkingarinnar í skoðanakönnun Fréttablaðsins hljóti að vera flokknum áhyggjuefni. Halldór Ásgrímsson á erfitt uppdráttar.

SKOÐANAKÖNNUN „Það er ljóst að Samfylkingin þarf að gera mun betur ef hún ætlar að auka líkur á að geta sest í landsstjórnina eftir næstu kosningar,“ segir Baldur Þórhallsson, dósent í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, spurður út í niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins á fylgi flokka og trausti til stjórnmalamanna.

Baldur segir að það hljóti að vera forystusveit Samfylkingarinnar talsvert áhyggjuefni að mælast aðeins með rúmlega 29 prósentum fylgi þrátt fyrir að vera stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn. „Það lítur út fyrir það að Samfylkingin sé ekki að ná til nýrra kjósenda, til dæmis á miðjunni,“ segir Baldur og bendir á að á sama tíma virðist sem flokkurinn sé að tapa vinstrisinnuðum kjósendum til Vinstri grænna.

Baldur segir Framsóknarflokkinn vera í erfiðri stöðu þar sem hann mælist með mjög lítið fylgi. „Á það ber þó að líta að í tuttugu til þrjátíu ár hefur Framsóknarflokkurinn jafnan mælist með mun minna fylgi en hann fær svo í kosningum. Það má gera ráð fyrir þessu í næstu kosningum einnig,“ segir Baldur.

Enda þótt ríkisstjórnin nái ekki meirihluta í könnuninni hafa Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur tæplega fimmtíu prósent fylgi. Baldur telur það geta þýtt að stjórnin muni halda velli í kosningum.

„Hér virðist fylgið vera að færa frá Samfylkingu til Vinstri grænna,“ segir Indriði Haukur Indriðason stjórn málafræðingur. Hann segir að 2,5 prósent fylgistap Sjálfstæðisflokksins sé á mörkum þess að vera marktæk breyting.

„Það er spurning hvort lánið muni alltaf leika við Framsóknarflokkinn. Það er ekki víst að Framsóknarflokkurinn geti treyst á að koma betur út úr kosningum en skoðanakönnunum,“ segir Indriði einnig. Mest áberandi að hans mati er fylgistap Samfylkingarinnar.

IMG Gallup framkvæmir kannanir um fylgi flokka á mánaðar fresti og hefur fylgi Samfylkingarinnar einnig dalað í þeim könnunum jafnt og þétt síðan í maí á þessu ári.

„Þetta er stórt stökk hjá Geir Haarde hvað varðar traust fólks á honum. Það má engu að síður spyrja sig hvers vegna hann stökkvi ekki hærra í ljósi þess að Sjálfstæðisflokkurinn mælist með hartnær fjörfölduðum prósentum fylgi,“ segir Baldur um mælingu á trausti almennings til stjórnmalamanna.

Hann segir að þótt Halldór Ásgrímsson styrki stöðu sína sé útkoman hvergi nærri nógu góð fyrir hann. „Þetta spilar saman, traust sem menn bera til for-



BALDUR ÞÓRHALLSSON DÓSENT Baldur segir að ef Samfylkingin ætli sér að ná völdum þurfi hún að sýna mun betri frammiðstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

manns Framsóknarflokksins og dræmt fylgi flokksins í könnuninni,“ segir Baldur.

saj@frettabladid.is

JÓLATILBOÐ

4.800 kr. á mánuði til 6. febrúar og Stöð 2 Bío fylgir frítt með!

515 6100 | STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



Akureyrarbær veitir leikskólastjórum bæjarins viðurkenningu:

Ánægja með skólana

LEIKSKÓLAR Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, afhenti síðastliðinn föstudag öllum leikskólastjórum leikskólanna þrettán á Akureyri sérstaka viðurkenningu fyrir framúrskarandi faglegt starf og góða þjónustu við bæjarbúa.

Samkvæmt skoðanakönnun meðal foreldra leikskólabarna sem gerð var að frumkvæði skólanefndar Akureyrarbæjar í janúar síðastliðnum eru 95 prósent foreldra ánægð með leikskólana í bænum og 92 prósent sögðu að skólarnir mættu þörfum barnanna.

„Niðurstöður úr lífskjara-könnun sem IMG Gallup gerði fyrir Akureyrarbæ eru samhljóma. Þar sögðu 95,7 prósent



GAMAN Í VINNUNNI Leikskólastjórnir þrettán. Bæjarstjóri Akureyrar segir mikla grösku og hugmyndaauði í leikskólastarfinu og að mikill mannaúður sé fólgin í starfsfólki skólanna. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

aðspurðra að þeir teldu að leikskólarnir veittu góða þjónustu og 78,5 prósent sögðu að það væri auðvelt að fá leikskólaláss hér

á Akureyri,“ sagði Kristján Þór við afhöfn sem haldin var starfsmönnum leikskólanna til heiðurs í Listasafninu á Akureyri. - kk



EVINDR / SA / 1010305

ÞEIR SEM TAKA **KB ÍBÚÐALÁN** Í DAG GREIÐA SÖMUM VEXTI NÆSTU 40 ÁRIN

Kynntu þér málið í næsta útibúi, á kbbanki.is eða í síma 444 7000.



FORN LIST Gestur á sýningunni „Egyptaland Grikkland Róm - varnir og snering“ gengur hjá stytta af Alexander mikla í líki egypskis faraós í safni í Frankfurt á föstudag. MYND/AP

Fjárframlög ríkisins til Þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga:

Þjóðkirkjan nýtur sérstöðu

ÞJÓÐKIRKJAN „Framsetning Hjartar Magna veldur ákveðnum misskilningi,“ segir Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, upplýsingafulltrúi hjá Þjóðkirkjunni.

Hjörtur Magni Jóhannsson fríkirkjuprestur sagði það hróplega mismunur að þjóðkirkjan fengi hátt á fjórða milljarð frá ríkinu meðan trúfélög fengju aðeins sóknargjöld.

Steinunn segir að innifalið í þessari tölu sem Hjörtur Magni nefnir séu sóknargjöld hennar sem og greiðslur til kirkjugarða en starfsemi þeirra sé aðskilin annarri starfsemi Þjóðkirkjunnar og þjóni öllum landsmönnum burt-

séð frá trúfélagsaðild. „Þarna er því ekki um að ræða fé sem Þjóðkirkjan fær til viðbótar við sóknargjöld,“ segir Steinunn.

„Það er ljóst að Þjóðkirkjan nýtur sérstöðu í íslensku þjóðfélagi,“ segir Steinunn. „Að hluta til er það vegna sögu hennar og stöðu og einnig skapar stærð hennar sérstöðu. En því fylgja líka skyldur og ábyrgð, langt umfram þær kröfur sem gerðar eru til annarra trúfélaga,“ segir hún að lokum. - jse

GUÐSPJÓNUSTA Steinunn Arnþrúður segir þjóðkirkjuna njóta sérstöðu í íslensku þjóðfélagi en hún hafi einnig skyldur og ábyrgð langt umfram þær kröfur sem gerðar séu til annarra trúfélaga.



Piltur ók á hjólreiðamann:

Sendi SMS undir stýri

COLORADO, AP Sautján ára bandarískur piltur missti stjórn á bílnum sínum er hann var að senda smáskilaboð úr farsíma sínum sem varð til þess aldraður hjólreiðamaður lét lífið.

Pilturinn á yfir höfði sér allt að eins árs fangelsi fyrir vítavertu kæruleysi undir stýri.

Þetta var í annað sinn sem ekið var á þennan sama aldraða hjólreiðamann. Fyrir tveimur árum var ekið á hann er hann hjólaði í mestu makindum á hjólreiðastíg. Að sögn eiginkonu hans hafði hann allar götur síðan verið sérlega varkár í umferðinni.

- fb

NAVISON SMALL BUSINESS



Það þarf ekki að kosta mikið að verða stór

Navision Small Business er viðskiptahugbúnaður sem getur vaxið og þróast með fyrirtæki þínu. Ef fyrirtækið þitt stækkar og stækkar, getur Navision Small Business orðið Navision Big Business! Taktu rétta ákvörðun strax. Veldu Navision Small Business.

Nú á aðeins kr. 115.038

Nú getur þú tryggt þér öruggan og hnökralausan aðgang að fjárhags- og viðskiptaupplýsingum fyrirtækisins í eitt skipti fyrir öll. Það gerir þú með Navision Small Business.

Hafðu samband núna!

Hringdu í síma 550-9000 og fáðu rétta lausnina fyrir þitt fyrirtæki

Landsteinar Strengur er stærsti sölu- og þjónustuaðili Microsoft viðskiptahugbúnaðar á Íslandi. Sérfræðingar okkar aðstoða þig við að ná markmiðum þínum í rekstri þannig að þitt fyrirtæki geti vaxið og dafnað.



Landsteinar Strengur

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | www.landsteinarstrengur.is

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner



KOSNINGAR Í TSJETSJENÍU Tsjetsjenskir kjósandi fær aðstoð þegar hann kemur út úr kjörklefanum en kosið var til þings í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningar án eftirlitsmanna

Rússneska ríkisstjórnin bindur miklar vonir við kosningarnar sem haldnar voru í Tsjetsjeníu í gær. Heimamenn líta á þær sem skrípaleik.

TSJETSJENÍA, AP Stjórnvöld vonast til þess að kosningarnar sem haldnar voru í Tsjetsjeníu í gær munu færa stríðshrjád héraðið einu þrepi nær stöðugleika og friði. Þó er ljóst að fáir heimamenn líta kosningarnar alvarlegum augum. Öllum aðskilnaðarsinum er bannað að bjóða sig fram, en 350 frambjóðendur takast á um þingsætin 58. Auk þess koma engir eftirlitsmenn frá Evrópusambandinu og Evrópuráðinu að kosningunum.

Um 600.000 manns eru á kjörskrá í héraðinu, þar sem vatn og rafmagn er oft erfitt að fá, og gríðarlegt atvinnuleysi ríkir. Auk þess er talið að um 100.000 óbreyttir borgarar, hermenn og uppreisnarseggir hafi látist í stríðunum tveimur sem herjað hafa í héraðinu síðan árið 1994, þegar rússneskir hermenn fyrst bældu niður stjálftæðisbaráttu heimamanna.

Þrátt fyrir ofbeldishótanir og fjölmarga skotbardaga víða um héraðið síðustu vikurnar, voru kjörstaðir opnaðir án teljandi

vandræða í gærmorgun, en um 24.000 hermenn og lögreglumenn gættu kjörstaðanna 430.

Búist er við að stuðningsflokkur Vladímírs Pútín Rússlandsforseta muni sigra í kosningunum, en flokkurinn Sameinað Rússland styður einnig Ramzan Kadyrov, forystumann sambandsins Tsjetsjena. Ef Sameinað Rússland vinnur má gera ráð fyrir að Kadyrov verði næsti forseti Tsjetsjeníu, en hann ríkir yfir 5.000 manna einkaher sem illræmdur er fyrir grimmd og mannréttindabrot. Auk þess á hann stóran hlut í olíuborholum héraðsins. Kadyrov er sonur Akhmad Kadyrovs fyrrverandi forseta Tsjetsjeníu sem aðskilnaðarsinnar réðu af dögum í Grozny í fyrra, sjö mánuðum eftir hann tók við forsetaembættinu.

Fjölmennt rússneskt hernámslið er í Tsjetsjeníu og berast sögur um hryðjuverk þessara hermanna í héraðinu. Þeir eru sagðir fara olvaðir um héraðið og myrða fólk af litlu sem engu tilefni.

smk@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Allianz á nýjum stað

Allianz hefur flutt á nýjan og betri stað við Laugaveg 176, gamla Sjónvarpshúsið. Við komum að sjálfsgöðu til með að veita áfram þá góðu þjónustu sem við höfum alltaf gert – einfaldlega á nýjum stað.

Allianz 



Jólaboðið

Fjölbreytt úrval af gjafavörum

Clinique

Glæsilegt kremsett frá Clinique.

5.490 kr.



1.939 kr.

Beethoven sheets

Van Gils gjafakassar, henta herrum á öllum aldri.



Gosh

Snyrtivörur í úrvali

frá 514 kr.



4.780 kr.

Undirteppi UB33

Beurer undirteppi, 3 hitastillingar, 150x80 sm.



5.490 kr.

Nuddpúði

Láttu þér líða vel. Frábær, einfaldur nuddpúði. Rafhlöður fylgja ekki með.



3.690 kr.

6.390 kr.

Joe Boxer

Sloppur og náttbuxur á herrann.



4.990 kr.

Britney Spears Curious

Ertu forvitin? Curious frá Britney Spears.



Úrval geisladiska

Núna eru komin tónlistarhorn í allar verslanir Lyfju. Þar færðu alla nýjustu og vinsælustu geisladiskana. Gefðu tónlistargjöf um jólin eða finndu þér eitthvað skemmtilegt að hlusta á.

frá 1.699 kr.

12 Tónar

Plan 21

Komdu í Jólaboðið og skoðaðu frábært úrval af gjafasettum handa henni eða honum.



GJAFAPOKI FYLGIR GJAFAVÖRU

GJAFAPOKI FYLGIR

Veldu Ford 4x4 Nýtt tákni um gæði



Nýtt tákni um gæði

Komdu og skoðaðu Ford Escape 4x4 í dag

Lægsta verð á öldinni. Núna.

Kauptu í dag. Ford 4x4 á lægra verði en áður.
Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Veldu Ford 4x4.



● Ford Escape XLS
2,3i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.690.000 kr.
Bílasamningur 32.400 kr.
Rekstrarleiga 49.900 kr.



● Ford Escape XLT
3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.120.000 kr.
Bílasamningur 37.500 kr.
Rekstrarleiga 57.700 kr.



● Ford Escape XLT Sport
3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.250.000 kr.
Bílasamningur 39.100 kr.
Rekstrarleiga 59.900 kr.



● Ford Escape Limited
3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.460.000 kr.
Bílasamningur 41.600 kr.
Rekstrarleiga 63.600 kr.

Jólatilboð Brimborgar

Jólin nálgast
Kynntu þér greiðslukjörin
Komdu í Brimborg

Þú færð að auki gæða vetrardekk
frá Nokian að verðmæti 85.000 kr.
með nýjum Ford Escape.
Við setjum sumardekkinn í
farangursrýmið.

Ford Escape er í fjórum
útfærslum. Tvær afmíklar vélar
eru í boði: 2,3 lítra, 153 hestafla
og 3,0 lítra, V6 200 hestafla.
Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.
Veldu Ford Escape.

Vertu á stæðilegri bíl. Escape.

Nýr og fallegri Ford Escape. Skoðaðu vinsæla sport-
jeppann frá Ford. Afli, rými og ríkulegur búnaður ásamt

frábærum aksturseginnleikum og hagstæðu verði gera
það að verkum að ánægðir eigendur Toyota RAV4 og
Honda CR-V skipta um bíl. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.
Veldu Ford Escape. Kjörin eru góð. Þú leigir Ford Escape

eða kaupir og þú færð vestrænan sportjeppa í fullri stærð.
Berðu saman bíla: Ford Escape og Toyota RAV. Komdu
í Brimborg, vertu á nýjum Escape á jólahátíðinni.

Jólatilboð Brimborgar

Samfélagsleg ábyrgð Brimborgar er veruleiki. Við bjóðum þér lægsta verð á
Ford 4x4 á þessari öld. Bílaframleiðendur og fjármálafrirtæki þekkja nú orðið
kröfur Brimborgar um lægsta verð og bestu kjör fyrir íslenskar fjölskyldur sem
velja Ford. Kynntu þér greiðslukjörin. Nýttu þér jólatilboð Brimborgar. Komdu
á öruggan stað. Veldu Ford.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendrar mynta 50% isk / 50% erl. myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendrar mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustuefirtílit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Ertu góð fyrirmynd?

UMRÆÐAN
HRAÐAKSTUR



EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON

Við uppeldi barna telst það án efa mikilvægt að lagðar séu skýrar og einfaldar línur um það sem má og það sem má ekki. Það er mikilvægt að ekki séu send misvísandi skilaboð þannig að til verði stórt grátt svæði sem getur verið freistandi að fara inn á og yfir.

Þetta á ekki hvað síst við um hegðun okkar í umferðinni þar sem

24 einstaklingar látast að meðaltali á hverju ári. Hvaða skilaboð sendum við öllum þessum framtíðarinnar - börnunum okkar? Getur verið að unglíngur, nýkominn með bílpróf og nýbúinn að missa ökuréttindin vegna hraðaksturs, geti rifjað það upp að faðir hans eða móðir hafi stært sig af því að hafa komist milli Akureyrar og Reykjavíkur á innan við 4 klukkustundum. Getur verið að hann rifji þetta upp um leið og hann hlustar á skammir foreldranna yfir því að hann hafi ekið sjálfur of hratt. Getur verið að hann hafi heyrt annað þeirra stæra sig af því að hafa einu sinni ekið á meira en 170 km hraða að nóttu til að því að þar var engin lögregla þar á ferð?

Sitjandi undir skömmunum

Barn eða unglíngur sem verður vitni að því að foreldri þess ekur eftir að hafa dreypt á áfengi upplifir óneitanlega undarlega þversögn í því að verða sjálfst á unglíngsaldri skammað af sama foreldri fyrir það að aka undir áhrifum áfengis.

liggur beinast við að unglíngurinn spyrji, „En þú?“ Það koma óneitanlega fram misvísandi og ruglandi skilaboð til hvolpsins ef eigandinn leyfir honum og jafnvel hvetur hann til að flaðra upp um sig þegar hann er í vinnugallanum en bannar honum það hinsvegar þegar hann er

í sparifötunum. Dýrið áttar sig ekki á muninum á Ralph Lauren jakka-fötum og vinnuslopp. Hvernig á dýrið að skilja það að stundum má og stundum ekki. Þarf barnið þitt að velta því fyrir sér af hverju þú mátt gera eitthvað sem aðrir mega ekki?

Barn eða unglíngur sem verður vitni að því að foreldri þess ekur eftir að hafa dreypt á áfengi upplifir óneitanlega undarlega þversögn í því að verða sjálfst á unglíngsaldri skammað af sama foreldri fyrir það að aka undir áhrifum áfengis. Með þessu er ekki verið að segja að engir þeirra foreldra sem með einum eða öðrum hætti hafa gert mistök eða sýnt dómgreindarleysi í umferðinni hafi leyfi til að leggja börnunum sínum línurnar. Þeim ber skylda til

þess. Það er aðeins verið að benda á það að við þurfum að vera meðvítuð um það hvaða skilaboð við sendum börnunum. Ef þú ert foreldri þá mundu að það er fylgst með þér. Það er jafnvel verið að afrita hegðun þína og afstöðu.

Ekki viltu vita af barninu þínu akandi undir áhrifum áfengis eða á ofsahraða? Ef þér verður á að gera mistök þá er einfaldast og best að viðurkenna mistökini fyrir barninu. „Æ - þetta hefði ég ekki átt að gera.“ Játaðu glæpin fyrir öllum framtíðarinnar og þú ert líklega að forða barninu þínu frá því að apa hann eftir þér með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Höfundur er upplýsingafulltrúi Umferðarstofu.

Jólatilboð

Bakþankar Súsönnu

STEFÁN SIGURKARLSSON
SKRIFAR UM REYKINGAR

Súsanna Svavarsdóttir skrifar um heilbriggt lífverni í Bakþönkum síðastliðinn föstudag, á þeim nóttum að stundum sé betra að stilla heilbrigðinni í hóf, og láta eftir sér eitt og annað. Hún endar greinina síðan á því að færa reykingsfólki góðar fréttir: Það séu tíu öftustu árin sem þeir missi af vegna reykingsanna.

Líklega hefur Súsanna hugsað þetta sem kaldhæðni, en þetta gæti leitt til misskilnings og þarfnast leiðréttingar. Niðurstöðum úr könnunum á mismunum ævilengdar reyklausra og reykjenda hefur verið hampað talsvert til að vara fólk við óhollustu tóbaks. Gróft séð styttest ævilengdin að meðaltali um rúmlega þrettán ár. Þetta þýðir auðvitað ekki að þeir sem reyki gefi almennt upp öndina þrettán árum fyrr, eða sleppi við öldrunarsjúkdóma og mögulegar stofnanainnlagnir sem þeim gætu fylgt. Sumt reykingsfólk verður langlíf.

Þessi þrettán ár eru hinsvegar meðaltalstala, og af því sumir lifa lengi, látast aðrir fyrir aldur fram, jafnvel fólk undir fertugu, úr reykningum. Lífs lengdarstytting, hver sem hún verður, er heldur ekki eini ókostur reykings. Reykingar valda mörgum kvillum t.d. þolleysi, og geta valdið sjúkdómum, eins og lungnaþembu, sem draga þann sem reykta ekki endilega til dauða, en skerða lífsgæði hans, kannski mun meira en öldrunartengdir sjúkdómar kynnu að gera síðar meir. Sem leiðir mig að hinum misskilningnum í niðurlagi Súsönnu, þetta eru ekki tíu öftustu árin.

Höfundur er nemi við HÍ og hefur starfað við umönnun aldræðra.

Bluconfort

Þegar keypt er Bluconfort rafmagnsrúm, fylgir gafl og rúmgrind í kaupbæti á meðan birgðir endast.



Bluconfort

Mjúka deildin

15% afsláttur af öllum vörum

Pathfinder LE sjálfskíptur	4.590.000,-
Pathfinder LE IT	4.790.000,-



SKIPT_um landslag

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Enginn fór í fýlu á Gullkindinni

Einhver allra skemmtilegasta verðlaunaafhending ársins fór fram á Ölveri á fimmtudagskvöldið en þá var Gullkindin afhent. Verðlaunin eru ætluð þeim sem hafa staðið sig verst í íslenskum fjölmiðlum. Það eru Tvíhöfðabræðurnir Sigurjón Kjartansson og Jón Gnarr sem eiga heiðurinn af þessari hátíð en í ár var það morgunþátturinn Capone á X-Fm sem sá alfarið um að allt færi fram samkvæmt settum reglum.

Alþjóð gafst þess kostur að kjósa á heimasíðu útvarpsstöðvarinnar en vægi atkvæða almúgans hafði sextíu prósent vægi til móts við dómnefndina. Meðal helstu sigurvegara má nefna að

útvarpsþátturinn Zúúber var valinn verstur í sínu fagi, Jón Ingi Hákonarson, kynnir Bachelorsins, var verstur allra sjónvarpsmanna en þátturinn fékk Gullkindina sem versti raunveruleikasjónvarpsþátturinn.

Eiríki Jónssyni, blaðamanni á DV og þáttastjórnanda hjá NFS, voru afhent heiðursverðlaun Gullkindarinnar. „Ég lít á þetta sem mikinn heiður,“ sagði Eiríkur þegar hann var inntur eftir sínum viðbrögðum. „Þetta eru verðlaun sem eru veitt af þeim sem standa á móti straumnum en eru ekki hluti af kerfinu,“ segir hann ákveðinn. „Um leið og fjölmiðlafólk tekur þátt í leik samfélagsins og valdhafanna



þá eru þeir dauðir og ættu að snúa sér að einhverju öðru,“ bætti hann við og sagðist jafnframt taka á

móti öllum þeim verðlaunum sem honum væru veitt.

- fgg



Langmest seldi barnamatúr í Svíþjóð loksins á Íslandi Barnamatúrinn í glerkrukkum er nú kominn!

NÝTT Í
BÓNUS

„Aðeins það besta er nógu gott!“

Semper

Barnamatúr
þróður í
samstarfi við
barnalækna-
og næringar-
fræðinga

Við höfum framleitt barnamat síðan 1948

Þegar um er að ræða barnamat er auðvitað aðeins það besta nógu gott. Þess vegna höfum við allar götur síðan við höfum störf árið 1948 gætt þess að vinna með reyndum næringarfræðingum og barnalæknum. Á sama hátt vöndum við til hráefnisins; allt fer það gegnum gæðaeftirlit og við notum sænskt hráefni ef þess er nokkur kostur. Við sækjum kornið á sænska kornakra og ferska mjólk á bóndabæi um allt land. Þess vegna getum við haft eftirlit með öllu framleiðsluferlinu og ævinlega tryggt þér og barninu þínu bragðgóða gæðavöru.

En þetta snýst um meira en gott bragð og gæði. Það snýst einnig um að vernda jörðina okkar, jörð sem við tókum ekki í arf af forfeðrum okkar, heldur fengum að láni frá börnunum okkar, eins og vitur maður sagði eitt sinn. Ef við viljum skila börnunum hreinni jörð og óspilltri náttúru, er mikilvægt að við vinnum öll okkar verk með umhverfið í huga. Við beitum þess vegna umhverfisvænum aðferðum, bæði í framleiðslu, pökkun og vöruflytningum. Nærtækt dæmi um þetta er að við þökkum duftinu í vellöngana í lofttæmdar umbúðir. Með því móti geymist fæðan betur og minna efni fer í umbúðirnar. Slíkt sparar bæði umbúðir og flutninga og er umhverfinu til framdráttar.

Áralöng reynsla okkar hefur ekki aðeins gert okkur fróð um góða og næringarríka grauta, vellöng og barnamat í krukum. Í áranna rás höfum við einnig kynnt til sögunnar vörur handa börnunum með sérstakar næringarþarfir. Rétt eins og barnamatúrinn eru þessar vörur þróðar í náinni samvinnu við barnalækna og sérfræðinga á sviði næringarfræði barna. Þessar vörur eru seldar í lyfjabúðum og fást keyptar samkvæmt fyrirmælum læknis eða næringarfræðings.

Starfsmenn Semper AB

Nýtt frá Semper

Í samræmi við ráðleggingar frá barnalæknum og næringarfræðingum er enginn viðbættur sykur í Semper krukumatnum. * Jafnframt er ekkert salt í Semper krukumatnum fyrir börn upp að 8 mána. aldri. Örlítið salt er í krukumatnum fyrir þau eldri.

* Nema Bláberjamauk sem innih. viðbættan sykur.

Liturinn á Semper umbúðunum er einföld og örugg leið til að finna rétta matinn:



VERSTA LAGIÐ Brynjar Már, útvarpsmaður á FM 957, fékk Gullkindina fyrir íslenska útgáfu sína af lagi James Blunt, Þú ert fagleg.



ZÚÚBER LÉLEG Morgunþátturinn Zúúber fékk Gullkindina sem versti útvarpsþátturinn og stjórnendur þáttarins tóku því ekkert sérstaklega illa.



VIÐ ERUM EKKI SVO SLÆM Ríttjórn Hér og nú tekur við Gullkindinni úr hendi Óttars Þróppé. Blaðið fékk titilinn „Versta blaðið“.



JING OG JANG Spurningaþáttur Popp TV var valinn versti þátturinn í íslensku sjónvarpi og bar sigurorð af Kvöldþætti Guðmundar Steingrímssonar.



SILVÍA NÓTT Stóð sig með stakri þrýði sem kynnir Gullkindarinnar og var ekki feimin við að sýna Eddustytturnar.



SKÝR SKILABOÐ

UNGA FÓLKID VELUR HELGARBLAÐ DV*



LYKILHÓPUR NEYTENDA SETUR HELGARBLAÐ DV Í FYRSTA SÆTI

Samkvæmt nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup (október 2005) lesa Íslendingar á aldrinum 20-29 ára DV mest allra blaða um helgar. DV sækir á í öllum aldurshópum og er uppsafnaður lestur 40% hjá öllum Íslendingum 50 ára og yngri, á meðan lestur Bláðsins er 39%.* Við hvetjum auglýsendur til að nýta sér hagstætt snertiverð hjá DV. Okkar skilaboð eru skýr!

Auglýsingasíminn er **550 5000**

*Lestur á laugardögum hjá Íslendingum á aldrinum 20-29 ára.
**Uppsafnaður lestur í vikunni.

DV
ÞORIR ÞEGAR AÐRIR ÞEGJA!

HUGSADU STÓRT
SMÁRA BIÓ Sími 564 0000

FÖR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM!

Það sem kom fyrir Emily Rose er óhugnanlegra en nokkuð sem þú getur ímyndad þér

★★★★
- SK DV

★★★★
- topp5.is

★★★★
- SV MBL

BYGGD Á SONNUM ATRÓRÐIRN
THE EXORCISM OF EMILY ROSE

Sýnd kl. 5, 8 og 10.40 B.i. 16 ára
Sýnd í Lúxus kl. 5, 8 og 10.40

Þau eru góðu vondu gæjarnir

SOUND OF THUNDER

Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20 B.i. 12 ára

In Her SHOES

Sýnd kl. 8 og 10.20 B.i. 14 ára

★★★★
- L.B. Topps.is

★★★★
- HL MBL

★★★★
- MMJ Kvikmyndir.com

Sýnd kl. 5.20

SERENITY

Frá höfundu Buffy the Vampire Slayer. Ótrúlegar breiður og svið áttakaþröi.

Sýnd kl. 5 og 8 B.i. 16 ára

Sýnd kl. 10.40 B.i. 12 ára

DC Dolby | JDDJ | IEX | BIÓ.IS – allt á einum stað

REGNBOGINN Sími 551 9000

FÖR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM!

Það sem kom fyrir Emily Rose er óhugnanlegra en nokkuð sem þú getur ímyndad þér

★★★★
- SK DV

★★★★
- topp5.is

★★★★
- SV MBL

BYGGD Á SONNUM ATRÓRÐIRN
THE EXORCISM OF EMILY ROSE

Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20 B.i. 12 ára

400 kr. í bió! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

blaðið FM 95.7

In Her SHOES

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 16 ára

★★★★
- HL MBL

★★★★
- MMJ Kvikmyndir.com

Sýnd kl. 5.30

INTO THE BLUE

Þetta var hið fullkomna friðþægð til þau fundu fjársjóðinn! Sjóðheit spennu mynd með ofurtöfararum Paul Walker og hinni stórglæsilegu Jessicu Alba.

★★★★
- HL MBL

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 14 ára

LAUGARAS BIÓ Sími 553 2075

bara lúxus

Waiting...

Frá framleiðanda American Pie

Sýnd kl. 8 og 10:20 N.L.1A

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 N.L.1A

biur af söng

Sýnd kl. 4 í biói Hrafnistu
frítíu um meðan hefurinn leyfa

FOUR BROTHERS

Hörku spennu mynd frá höfundum "2 Fast, 2 Furious" og "Boyz n the Hood"

Sýnd kl. 5:30 og 10:20 N.L.1A

Sýnd kl. 5:30 og 8

Sýnd kl. 4 N.L.1A

www.laugarasbio.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leiknan unga Elisha Cuthbert, sem lék meðal annars hlutverk dóttur Jacks Bauer í hinum vinsælu þáttum 24, sem sýndir voru á stöð 2 við miklar vinsældir, hefur tilkynnt að hún og kærasti hennar, Trace Ayala, ætli ekki að flyta sér í hnapphelduna. Ayala og Cuthbert, sem trúlofuðu sig á síðasta ári, hafa sagt að nógur tími sé fyrir brúðkaup. „Hvorugt okkar vill ana út í giftingu eins fljótt og auðið er. Það sem gerist gerist bara,” sagði Cuthbert.

Angelina Jolie og Brad Pitt eyddu þakkargjörðarhátíðinni í Pakistan um þessar mundir. Jolie, sem hefur unnið fyrir Sameinuðu þjóðirnar sem sérstakur sendiherra síðan í ágúst 2001, ferðaðist til bæjarins Balakot, sem er í norðvesturhluta Pakistans. Þar tók hún þátt í að hjálpa starfsmönnum SP að afhenta hjálpargögn til nauðstaddirna íbúa svæðisins. Pakistan varð illa úti í jarðskjálfta sem dundi yfir landið fyrr á árinu þar sem um 73.000 manns létust og þrjár milljónir misstu heimili sín.

Grænikarinn frábæri Ricky Gervais er að sögn enska gótuþláðsins The Sun, með einstaklega slæman matarsmekk. Vinnufélagi og meðhöfundur hans til margra ára, Stephen Merchant, segir Ricky vera gjörsamlega vonlausan þegar kemur að því að velja eða borða mat. „Hann hefur borðsiði á við fimm ára krakka. Alltaf þegar við förum eitthvað að fá okkur að borða sest hann við borðið og les matseðil með frábærum mat en vill síðan ekki panta neitt. Venjulega endum við þá yfirleitt á skyndibitastað” segir Merchant, alls ekki sáttur.

Fyrverandi Baywatch-bomban Pamela Anderson hefur nýlega hljóðritað dúett með engum öðrum en kanadíska söngvranum Bryan Adams. Lagið sem um ræðir er gamalt lag Bryans sem hann söng áður með kryddpiunni Mel C, að nafni Baby When You're Gone. Pamela mun syngja þann hluta lagsins sem Mel hafði áður sungið í fyrri útgáfu þess. Lagið mun koma út á næsta ári á nýrri plötu Bryan Adams sem enn hefur ekki hlotið nafn.

Katie má ekki hafa hátt við barnsburð

Leikarinn Tom Cruise segir að unnusta sín Katie Holmes þurfi ekki að vera alveg hljóðlát á meðan hún eignast þeirra fyrsta barn. Hún þarf samt að passa sig á að hafa ekki hátt. Samkvæmt vísindatrú Cruise mega konur ekki hafa hátt þegar þær eignast börn því það skaðar geðheilsu bæði móðurinnar og barnsins og veitir þeim minna öryggi fyrir framtíðina. „Það er nauðsynlegt að hafa eins mikla þögn og hægt er. Einhver mis-



HOLMES OG CRUISE
Leikaraparið á von á sínu fyrsta barni á næsta ári.

Lummuleg tímasóun

[TÓNLIST]
UMFJÖLLUN

Idol þetta og Idol hitt. Sæmilegasta sjónvarpsefni sem fjölskyldan sameinast um að horfa á á föstudagskvöldum. Frábært. Einn vinnur. Hinir sitja eftir með sárt ennið en sá í öðru sætinu eygir von um að slá líka í gegn. Það gerði Jón Sigurðsson. Það er þó enginn gulltryggður í þessum bransa. Það veit fyrsta Idol-stjarna landsins. Aðrir verða horfast í augu við þá bláköldu staðreynd að þeir áttu ekki heima í þessum bransa. Staðreyndirnar tala sínu máli: Ef þú hefur ekki slegið í gegn án Idols og nærð því ekki í Idol þá er þetta búið spil. Nema þú heitir William Hung. Það eru á hinn bóginn alltaf einhverjir viðskiptakarlar sem halda að það sé hægt að græða endalaust á Idol og þeim keppendum sem hafa fengið sínar fimmtán mínútur af frægð á skjánum. Það læddist að mér illur grunur þegar ég frétti af hljómsveitinni Heitar lummur. Samansafn Idol-keppenda sem vill láta hinn langþráða draum rætast: Að hafa atvinnu af því að syngja og skemmta. Þetta varð allt að veruleika þegar blessaður diskurinn fór í spilarann. Hefst á hörmulegum flutningi á Disco frisco og í kjölfarið fylgir hvert stórslysið af fætur öðru. Á köflum varð ég



HEITAR LUMMUR

Niðurstaða: Diskurinn er tímaeyðsla og peningasóun. Með fullri virðingu fyrir því sem er gert í framhaldsskólum þá minnir þetta á hljóðversútgáfu af söngvakeppni þeirra.

pirraður yfir lélegum útgáfum á annars góðum íslenskum slögurum. Lummurnar eru skástar þegar þær syngja allar saman í kór en færstar þeirra hafa burði í einsönginn. Hvorug söngkvendanna hefur sérstaklega heillandi rödd og Helgi Þór Arason var aldrei nema meðalgóður söngvari í sinni keppni og hefur nákvæmlega ekkert í svona útgáfu að gera. Kalli Bjarni sigræði á sínum tíma en hefur einhvern veginn glatað sínum sjarma. Heitar lummur eru tímasóun og peningaeyðsla og gott dæmi um það þegar blóðmjólka á vinsæl fyrirbæri eins og Idol-stjórnuleit.

Freyr Gíga Gunnarsson



TIM MCGRAW Kántrí söngvarinn vinsæli vann tvenn verðlaun á Bandarísku tónlistarverðlaunum.

Bandarísku tónlistarverðlaunin afhent

Kántrí stjarnan Tim McGraw, Green Day, Destiny's Child og Black Eyed Peas hlutu tvenn verðlaun hver á Bandarísku tónlistarverðlaunum sem voru haldin í fyrrakvöld. Söngkonan Mariah Carey, sem var tilnefnd til fernra verðlauna, vann aðeins í flokknum besti kvenkyns listamaðurinn í sálar- og R&B tónlist. Athygli vakti hversu mörg stór nöfn létu ekki sjá sig á hátíðinni, þar á meðal Green Day, Black Eyed Peas, Eminem, Kelly Clarkson og 50 Cent. Mörg tónlistaratriði voru flutt þetta kvöld. Meðal annars sungu Cyndi Lauper og Sarah McLachlan saman hið vinsæla lag Lauper frá níunda áratugnum, Time After Time, auk þess sem Gwen Stefani og rapparinn Pharrell tóku lagið saman. Rokkararnir í The Rolling Stones lokðu kvöldinu síðan með tveimur lögum. The Massacre með 50 Cent var valin besta rap/hip hop platan og Missy Elliott var valin besti kvenkyns listamaðurinn í sama flokki, annað árið í röð. „Ég þakka Guði því hann er innblásturinn að öllu því sem ég geri,” sagði Elliott. Hún tiléinkaði verðlaunin söngkonunni Aaliyah sem forst í flugslysi árið 2001. Will Smith var valinn besti karlkyns listamaðurinn í popp/rokk flokki. Bar hann þar sigurorð af Rob Thomas og 50 Cent. ■

SNORRI

ÁSTARFLEYIÐ FIMMTUDAGA KL. 21:00

FYLGSTU MED!

HÁDEGISBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR MÍ: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÖNUM KRINGLUNNI

STARSTA KVÍMYNDAMHÚS LANDSINS • HÁDAGORGI • S. 530 1919 • www.hadegisbio.is

ÁLFABAKKI
 HARRY POTTER OG ELDBIKARINN KL. 4-5-7-05-8-10-10.10 B.I. 10
 HARRY POTTER OG ELDBIKARINN VIP KL. 5-8-10
 LORD OF WAR KL. 8-10.30 B.I. 16
 ELIZABETH TOWN KL. 5.45-8-10.30
 LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 4
 CHICKEN LITTLE enskt tal KL. 6
 TWO FOR THE MONEY KL. 10.30 B.I. 12
 TIM BURTON'S CORPSE BRIDE KL. 6
 FLIGHTPLAN KL. 8 B.I. 12
 WALLACE & GROMIT ísl. tal KL. 4

KEFLAVÍK
 HARRY POTTER OG ELDBIKARINN KL. 8-10
 FOUR BROTHERS KL. 8

AKUREYRI
 HARRY POTTER OG ELDBIKARINN KL. 6-9
 LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 6
 SERENITY KL. 8
 LORD OF WAR KL. 10.10

KRINGLAN
 HARRY POTTER OG ELDBIKARINN KL. 6-8-10 B.I. 10
 SERENITY KL. 6-8.15-10.30 B.I. 16
 LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 6
 KISS KISS BANG BANG KL. 11 B.I. 16

LA MARCHÉ DE L'EMPEREUR
 KL. 6-8-10.30 B.I. 10
 THE MARCH OF THE PENGUINS KL. 6-8-10.30
 TIM BURTON'S CORPSE BRIDE KL. 8
 DRABET KL. 6

ALFABAKKI ☎ 567 8900 KRINGLAN ☎ 588 0800 AKUREYRI ☎ 441 4666 KEFLAVÍK ☎ 421 1170

Alias lýkur göngu sinni

Sjónvarpsþátturinn Alias, sem hefur verið sýndur í Ríkissjónvarpinu undanfarnin ár, mun hætta göngu sinni í Bandaríkjunum í maí á næsta ári þegar fimmtu þáttaröðinni lýkur.

Engin ástæða hefur verið gefin fyrir ákvörðuninni en áhorf á þáttinn hefur dvínað töluvert að undanfögnu vestanhafs. Aðalheiknan Jennifer Garner er ófrísk um þessar mundir og því hafa menn einnig spurt sig hvort væntanlegt móðurhlutverk hafi haft áhrif á endalok þáttarins.

Garner hefur hlotið fjórar tilnefningar til Emmy-verðlaunanna í röð fyrir hlutverk sitt sem ofurnjósarinn Sydney Bristow, sem dulbýr sig jafnan áður en hún berst við vondu karlana víða um heim. Vegna þess hve persónan þykir öflug fékk bandaríska leyniþjónustan, CIA, Garner til að leika í myndbandi sem hvetur fólk til að ganga til liðs við samtökin. ■



ALIAS Jennifer Garner fer með hlutverk ofurnjósarans Sydney Bristow í Alias.

12 árum seinna

[TÓNLIST]

UMJÖLLUN

Það verður aldrei tekið af Kate Bush að hún er sérvitrari en andskotinn. Lætur ekkert í sér heyrna í tólf ár, og snýr svo aftur með tvöfalda plötu þar sem hún opnar hliðið að heila sínum upp á gátt. Trúið mér, þar er stundum undarlega hluti að finna.

Til dæmis er hér að finna lag tileinkað pí, stærðfræðifastanum óendanlega sem m.a. er notaður til að reikna út ummál hrings. Texti lagsins er eithvað á þessa leið: „3.1416...“ og svo framvegis. Stuttu eftir það kemur sex mínútna ástaróður til uppþvottavélar. Fuglasöngur hljómar í gegnum alla seinni plötuna, og hér og þar má heyrna Kate reyna að herma nákvæmlega eftir söng fuglanna. Mjög undarlegt.

Engu að síður verður það bara að viðurkennast að Kate Bush er stórkostlegur listamaður. Hún er með frábæra rödd, semur ótrúleg lög og virðist enn hafa hjartað á réttum stað. Hún gerir litlar sem engar tilraunir hér til þess að skapa plötu sem útvarpsmenn á Bylgjunni myndu raðnauga þangað til eyru hlustenda dyttu af. Hún gæti það vel, við vitum það af fyrri verkum. Við heyrum það líka á þessari plötu, sum löggin eru ótrúlega gripandi og hefðu hæglega getað verið útsett sem sætari popplög. Hún þarf þess bara ekki, og hefur engan áhuga á því að reyna að þóknast einhverj-



KATE BUSH:

Aerial

Niðurstaða: Fyrsta plata Kate Bush í tólf ár í senn undarleg, athyglisverð og stórín. Kate veit líka að maður á ekki að rjúfa þógnina nema að maður geti bætt hana. Hún er svo sannarlega velkominn aftur.

um ímynduðum meirihluta. Hún fylgir bara eigin innri áttavita og þrættar sinn veg eins forvitin og Lísa í Undralandi. Fyrir vikið fáum við fáránlega sterk lög á borð við How to Be Invisible og Sunset.

Mér finnst ótrúlega gaman að heyrna í Kate aftur, og hennar hefur verið saknað. Ég ber líka virðingu fyrir því að hún hafi ákveðið að halda sig til hlés öll þessi ár ef henni hefur ekki fundist hún hafa neitt að segja. Betra að bíða, safna upp efni, ná áttum almennilega og skila frá sér jafn góðri plötu og Aerial er. Plata sem er þess verðug að fylgja á eftir þeim meistara- verkum sem frá henni hafa komið.

Birgir Örn Steinarsson



DAVID GILMOUR Gítarleikarinn Gilmour og félagar í Pink Floyd gefa út DVD-mynddiskinn Pulse á næsta ári.

Pulse kemur í janúar

Þann 16. janúar á næsta ári kemur út DVD-mynddiskurinn Pulse með Pink Floyd. Þar er sýnt frá síðustu tónleikaferð sveitarinnar um heiminn sem var farin 1994. Diskurinn er tvöfaldur, þar sem aðalmyndefnið er fjórtán tónleikar í Earls Court í London. Einnig eru þar myndir sem teknar voru baksviðs og aukaefni sem ekki hefur sést áður.

Pink Floyd átti frábæra endurkomu á Live 8 tónleikum í sumar og svo gæti farið að hún gerði meira saman á næstunni og þá með forspakkann Roger Waters innanborðs. ■

Skemmti sér meira en Richards

Fjölskylda og vinir Bítillsins fyrrverandi John Lennon hafa tjáð sig í tímaritinu Radio Times um kynni sín af honum í tilefni þess að 25 ár eru liðin frá dauða hans.

Keith Richards úr Rolling Stones segir að Lennon hafi verið frábær náungi. „Einhverja hluta vegna fannst honum hann alltaf þurfa að skemmta sér meira en ég,“ sagði Richards. „Það er nokkuð sem er mjög erfitt að gera, sérstaklega í þá daga.“

Cynthia Lennon, fyrrum eiginkona Lenbons, segir að hann hafi aldrei losnað við sársaukann sem hann varð fyrir á æskuárum sínum er hann missti móður sína. Hún segir að sársaukinn hafi átt stóran þátt í tónlistarsköpun hans og árásargirni. „Hvort sem fólk vill viðurkenna það eða ekki var John stundum ofbeldisfullur og árásargjarn,“ sagði hún. „Hann hætti aldrei að skapa. Hann var alltaf að leita að einhverju nýju og reyndi að finna sjálfan sig í því.“



JOHN LENNON Bítillinn fyrrverandi var myrtur í New York fyrir 25 árum.

Lennon var skotinn til bana fyrir utan heimili sitt í New York þann 8. desember árið 1980, fer- tugur að aldri. ■

www.lyfja.is

LYFJA - Lífð heil

Líttu eftir húðinni!

FEDTCREME®

- Á þurra og sprungna húð
- Inniheldur ekki ilm- eða litarefni

REPAIR®

- Á mjög þurra og illa farna húð
- Inniheldur ekki rotvarnar-, ilm- eða litarefni

Gardagorgi - Grindavík - Keflavík - Kringlunni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Faskrudalsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þorshöfn - Sauðárkrúki - Blönduósi - Hvammsgata - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



Daníel í Grindavík?

Nokkur úrvalsdeildarfélag hafa mikinn áhuga á að fá Daníel Hjaltason í sínar raðir en hann er á fórum frá Víkingi eins og kunnugt er. Grindavík er meðal þessara liða en ekki er talið ólíklegt að Daníel elti Sigurð Jónsson á Suðurnesin.

sport
sport@frettabladid.is

HEIÐAR GUNNÓLFSSON FYRIRLIÐI KS: LEIFTUR: SAMEINING FÉLAGANNA GÆFUSPOR

Eigum meiri samleið með Siglfirðingum

Ólafsfirðingurinn Heiðar Gunnólfsson, sem verið hefur fyrirliði sameinaðs liðs Leifturs/Dalvíkur undanfarin ár, segir Ólafsfirðingana eiga mun meiri samleið með Siglfirðingum heldur en Dalvíkingum og því hafi það legið beinast við að hefja samstarf við KS á íþróttasviðinu, en Leiftur og KS munu senda sameiginlegt lið til keppni á næstu árum. „Það er mikill hugur í okkur leikmönnum fyrir þetta samstarf gegn KS. Við eigum miklu meiri samleið með Siglfirðingum heldur en Dalvíkingum. Dalvíkingar vilja sækja meira til Akureyrar heldur en hingað til Ólafsfjarðar.“

Æfingar sameinaðs liðs munu fara fram á bæði Ólafsfirði og Siglufirði, en svo verða tvær sameiginlegar æfingar í hverri viku. „Ég held að þetta sé mikið

gæfuspor fyrir bæði félög hvað fótboltann varðar. Það er einfaldara að halda þessu samstarfi úti heldur en við Dalvík, þó það hafi á margan hátt gengið ágætlega. Aðstaðan yfir sumartímann er frábær á Ólafsfirði og hún er einnig ágæt á Siglufirði.“

Kristján Hauksson, sem situr í stjórn knattspyrnudeildar nýstofnaðs félags, bindur miklar vonir við þetta samstarf. „Við teljum þetta mjög spennandi verkefni fyrir bæði bæjarfélögin. Við ætlum okkur að halda í ungu strákana okkar og byggja upp gott lið á þessum strákum. Það er engin spurning að þetta kemur til með að hjálpa til við að styrkja innviði beggja félaganna til lengri tíma. Við stefnum á það að komast upp um deild og í fremstu röð.“



> Guðfínnur í 2. deildina

Guðfínnur Þórir Ómarsson er að öllum líkindum á leið í 2. deildina þar sem hann hyggst leika með ÍR í Breiðholti á næsta tímabili. Guðfínnur kemur úr herbúðum Þróttar en hann kom aðeins við sögu í sjö leikjum með félaginu í Landsbankadeildinni í sumar. Hann er sóknjafur leikmaður sem á eftir að styrkja lið ÍR mikið en hann hefur þegar leikið tvo æfingaleiki með félaginu og skorað í þeim báðum.



Fjögur lið af Norðurlandi féllu um deild á Íslandsmótinu í knattspyrnu í sumar:

Unglingastarfið mikilvægast af öllu

FÓTBOLTI Erlingur Kristjánsson, sem gerði garðinn frægan með knattspyrnu- og handknattleikslíði KA, segir það vera áhyggjuefni fyrir íþróttastarfið á Norðurlandi hversu illa hefur gengið hjá knattspyrnufélagunum í landshlutanum að halda úti metnaðarfullu starfi. „Því miður

hefur liðunum ekki gengið nægilega vel að undanförunum. Það er erfitt að halda úti kjarna af leikmönnum í leikmannahópum félaganna. Það virðast vera meiri peningar í umferð á höfuðborgarsvæðinu og þess vegna leita góðu leikmennirnir þangað.“

Erlingur vonast til þess að bætt aðstaða muni skila betri leikmönnum í framtíðinni. „Það tekur nú alltaf tíma að verða góður í fótbolta og bætt æfingastaða gerir menn í sjálfu sér ekki að góðum leikmönnum. En hún hjálpar til við að halda úti metnaðarfullu starfi.“

Unglingastarfið hjá handknattleiksdeild KA hefur alltaf gengið vel og er Erlingur viss um að hægt sé að læra sitt hvað að því. „Það koma alltaf ungir leikmenn upp í meistaraflokkinn hjá KA á hverju ári og þannig verður það að vera, svo liðið geti haldist gott.“ - mh



ÞÓRARINN KRISTJÁNSSON Þórarinn náði sér ekki á strik í sumar.

Þórarinn Kristjánsson:

Biðstaða vegna meiðsla

FÓTBOLTI „Ég var í aðgerð á fimmtudaginn og það mun ekkert gerast fyrr en ég hef gengist undir lækni skoðun hér heima,“ sagði sóknarmaðurinn Þórarinn Brynjar Kristjánsson í samtali við Fréttablaðið en ekki er enn komið í ljós hvar hann mun leika.

Þórarinn var með Þrótti í sumar en ljóst er að hann verður ekki áfram hjá félaginu og hafa nokkur úrvalsdeildarfélag áhuga. „Ég vonast eftir því að það fari eitthvað að skýrast í þessari viku,“ sagði Þórarinn en hann lék sextán leiki með Þrótti í Landsbankadeildinni þetta tímabil og skoraði tvö mörk eftir að hafa gengið til liðs við félagið frá Aberdeen í Skotlandi. Suðurnesjaliðin Grindavík og Keflavík hafa bæði verið í viðræðum við hann en hann er uppalinn í Keflavík og lék með liðinu í fyrrasumar en þá var hann á skotskónum. - egm



GUÐLAUGUR BALDURSSON Guðlaugur leitar sífellt eftir leikmönnum.

Eyjamenn leita liðstyrks:

Skoða Óskar á morgun

FÓTBOLTI ÍBV er í leikmannaleit en liðið mun í vikunni leika æfingaleik við 1. deildarlið Leikni í Reykjavík. Eyjamenn hafa sýnt áhuga á að fá Óskar Snæ Vignisson frá Hvöt á Blönduósi og boðið leikmanninum að leika með ÍBV í leiknum. Óskar er 22 ára örvættur leikmaður sem getur leikið á miðjunni og í fremstu víglínu en hann skoraði fimm títan mörk í þeim fjórtán leikjum sem hann spilaði fyrir Hvöt í 3. deildinni í sumar. Hann hefur að undanförunum verið að æfa með Leikni en mun líklega leika gegn félaginu í leiknum sem fram fer á morgun. Ef Óskar ákveður að ganga til liðs við ÍBV verður hann annar leikmaðurinn sem félagið fær til sín eftir að síðasta tímabili lauk en hinn er miðjumaðurinn Ariflús Marteinsson sem kom frá Selfossi. - egm

HYUNDAI
hefur gæðin

Flottur, flottari...
gæjalegri

VELDU TUCSON, GÆJALEGA SPORTJEPPANN FRÁ HYUNDAI.

WWW.HYUNDAI.IS



TUCSON

Verð frá kr. 2.320.000

Bill á mynd: Hyundai Tucson 2.0 diesel, 18" álfelgur, samlitur, krómpakki, krómsíls og vindkljófasett.



Með bílinn handa þér

B&L - GRJÓTHÁLSI 1 - 110 REYKJAVÍK - 575 1200 - WWW.BL.IS

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10 TIL 18 OG LAUGARDAGA FRÁ KL. 12 TIL 16.

BÍLASALA AKUREYRAR SÍMI 461 2533 • BÍLÁS AKRANESI SÍMI 431 2622 • SG BÍLAR REYKJANESBÆ SÍMI 421 4444 • JG BÍLAR EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2524

Alex Ferguson:

Vill stjörnu næsta sumar

FÓTBOLTI Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, hefur hug á því að kaupa leikmanninn sem efstur er á óskalistanum hjá sér næsta sumar, þar sem hann mun ekki geta komið í janúar. „Ég mun reyna að styrkja hópinn með tveimur leikmönnum í janúar, en sá sem efstur er á óskalistanum getur ekki komið fyrr en næsta sumar.“

Ferguson vildi ekki greina frá því um hvern væri að ræða. Líklegt er þó talið að það sé harðjaglenn Gennaro Gattuso, sem leikur með AC Milan, en hann hefur greint frá því að hann vilji einhvern tímenn á ferli sínum spila fyrir Manchester United. - mh

Ronaldinho er ekki bestur í heimi að mati Jose Mourinho heldur lærisveinn hans hjá Chelsea:

Enginn betri en Lampard í dag

FÓTBOLTI Ólíkt flestum öðrum er Portúgalinn Jose Mourinho ekki á því að Brasilíumaðurinn Ronaldinho sé besti knattspyrnumaður heims um þessar mundir.

Mourinho segir engan betri en Frank Lampard, leikmann Chelsea. „Lampard hefur marga eiginleika sem enginn annar leikmaður hefur. Hann getur spilað í hvaða leikkerfi sem er og leggur alltaf jafn mikið af mörkum til liðsins. Enginn miðjumaður í heiminum skorar meira en hann. Hann verst skynsamlega og hefur tækni sem fáir geta komið auga á. En ég get allveg játað það að hann hefur kannski ekki boltatækni sem Kaká, Ronaldinho og Andriy Shevchenko hafa. Þessir þrír eru ótrúlegir leikmenn, en þeir spila ekki sömu stöðu og Lampard og hafa ekki sömu áhrif á liðið og hann.“

Ekki eru nú allir sammála Mourinho í þessu. Frank Rijkaard, þjálfari Barcelona, segir engan betri en Ronaldinho. „Fyrir mér er það augljóst mál að enginn er betri en Ronaldinho. Hann getur unnið leiki upp á eigin spýtur og er alltaf að sýna það betur og betur hversu frábær leikmaður hann er. Hann er virkilega líkamlega sterkur, sá sterkasti í mínum leikmannahópi, og þess vegna þolir hann álagið sem á honum er í hverri viku eins vel og raun ber vitni.“ - mh




FRANK LAMPARD Knattspyrnustjóri Lampard hjá Chelsea, Jose Mourinho, hefur óbilandi trú á leikmönnum sínum.

Meiðsli farin að gera vart við sig hjá Liverpool:

Zenden frá í mánuð

FÓTBOLTI Boudewijn Zenden, leikmaður Liverpool, mun ekki leika næsta mánuðinn vegna hnémeiðsla sem hann varð fyrir í leik Liverpool og Real Betis í Meistaradeild Evrópu.

Zenden kom á frjálsri sölu frá Middlesbrough í sumar og hefur staðið sig ágætlega með liði Liverpool það sem af er leiktíð. Rafael Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, vonast til þess að Zenden jafni sig fljótt á meiðslunum. „Ég vona að þessi meiðsli hjá Zenden séu ekki alvarlegri en þau líta út fyrir að vera. Það hefur sýnt sig að Zenden er mikilvægur hluti af leikmannahópi Liverpool og hann á eftir að verða enn betri.“ - mh



BOUDEWIJN ZENDEN Zenden hefur leikið vel með Liverpool það sem af er tímabili.



GÓLF-MOTTUR við innganginn borga sig

CORAL®

Vörn gegn óhreinindum og bleytu

Úrval gólfmotta til sýnis í verslun okkar

GÓLFBÚNAÐUR

KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



HREINN SPARNAÐUR

Ef þú kaupir Miele þvottavél færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum þínum


Allt að 30% afsláttur

Á Miele þvottavélum

- 1** Miele þvottavélar eru með nýrri tromlu með vaxkökumynstri sem fer betur með þvottinn. Einkaleyfi Miele.
- 2** Miele þvottavélar endast lengur en aðrar þvottavélar.
- 3** Miele þvottavélar eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.

Íslenskt stjórnborð

Miele



Neytendastofnanir prófa þvottavélar í 3.800 klst.
Samkeppnisaðilar 1 prófa sínar vélar í 4.500 klst.
Samkeppnisaðilar 2 prófa sínar vélar í 6.000 klst.
Miele prófar sínar þvottavélar í 10.000 klst.

Gerð	Listaverð
Þvottavél W405 1200sn/mín/5 kg.	kr. 128.428 Kr. 89.900 Tilboð
Þvottavél W3241 1400sn/mín/6 kg.	kr. 148.200 Kr. 133.380 stgr.
Þvottavél W3245 1600sn/mín/6 kg.	kr. 168.700 Kr. 151.830 stgr.
Purrkari T223 útbástur/5 kg.	kr. 98.800 Kr. 69.160 Tilboð
Purrkari T233C rakapétur/5 kg.	kr. 115.400 Kr. 80.780 Tilboð



Í upphafi skal endirinn skoða - Miele borgar sig

EIRVÍK

- hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is



LAURENT ROBERT Robert hefur litil tilþríf sýnt innan vallar í vetur.

Vandræði hjá Portsmouth: Robert enn til vandræða

FÓTBOLTI Frakkinn Laurent Robert heldur áfram að vera til vandræða eins og hann var hjá Newcastle, en hann var ekki valinn í leikmannahóp Portsmouth sem mætti Chelsea í gær.

Robert sagði eftir æfingu liðsins fyrir skömmu að honum væri kennt um allt sem miður færi hjá félaginu. „Ég hef fengið það á tilfinninguna að það sé mun meiri pressa á mér en öðrum leikmönnum hjá félaginu. Mér er alltaf kennt um það ef liðið er að tapa leikjum. Ég veit ekki hvers vegna ég var ekki valinn í hópinn gegn Chelsea. Ég þarf að spyrja forseta félagsins, Milan Mandaric, að því.“

Robert hefur ítrekað lent upp á kant við knattspyrnustjóra sína á ferlinum og er skemmst að minnst þess þegar hann og Graeme Souness, knattspyrnustjóri Robert hjá Newcastle, töluðust vart við síðasta vetur eftir að Robert dró knattspyrnustjórahefuleika Souness í efa.

-mh

Verður kominn í aðallið Celtic eftir átján mánuði

Þjálfari unglíngaliðs Celtic hefur gríðarlega trú á íslenskum leikmönnum félagsins, sér í lagi Theódóri Elmar Bjarnasyni sem hann telur að muni verða búinn að brjóta sér leið inn í aðalliðið eftir átján mánuði.

FÓTBOLTI Willie McStay, aðalþjálfari U-19 ára liðs Celtic í Skotlandi, segir að Kjartan Henry Finnbogason og Theódór Elmar Bjarnason séu í hópi bestu ungu leikmanna liðsins og að sá síðarnefndi sé sérstaklega líklegur til að ná að brjóta sér leið inn í aðallið félagsins innan skamms tíma.

„Theódór hefur verið að sýna miklar framfarir í haust og bætt sig með hverjum leik. Mesti munurinn á leik hans í ár og í fyrra er að nú hefur hann verið að skora mjög grimmt. Það er kostur sem er afar gott fyrir miðjumann að búa yfir,“ segir McStay, en Theódór á fast sæti á miðju U-19 ára liðsins og spilar sem eiginlegur leikstjórnandi liðsins.

Kjartan Henry hefur átt við þrálát meidsli að stríða frá því í sumar og því ekkert getað beitt sér í ár. McStay segir að meidslin hafi komið á versta mögulega tíma þar sem Kjartan Henry er ekki lengur gjaldgengur í U-19 ára liðið og væri, ef ekki hefði verið fyrir meidslin, að sanna sig með vara- og aðalliði félagsins.

„Það tók Kjartan svolítið lengri tíma en Theódór að laga sig að breskum fótbolta. En eftir því sem leið á síðasta tímabil skoraði hann fullt af mörkum, með vinstri fæti, hægri fæti og með höfðinu. Hann og Theódór spiluðu stórt hlutverk fyrir U-19 ára liðið í fyrra sem varð tvöfaldur meistari í Skotlandi,“ segir McStay.

Á spjallsíðum stuðningsmanna Celtic er farið fögrum orðum um frammistöðu Theódórs með U-19 ára liðinu og er honum gjarnan líkt við Morten Wieghorst sem áður lék með Celtic við mjög góðan orðstír. „Algjörlega þindalaus og með boltann nánast límdan við fæturna á sér í hvert sinn sem hann fær hann. „Teddy Bjarnason“ hefur fest sig í sessi sem algjör lykilmáður í þessu liði,“ segir meðal annars um leik Celtic og Hearts í byrjun þessa mánaðar í skýrslu sem birtist á öppinberri heimasíðu U-19 ára liðsins. McStay segir ýmislegt til í þessum lýsingum. „Hann er ótrúlega skapandi leikmaður með hárrétt hugarfar. Það er hans helsti kostur að mínu mati.“

McStay segir að Gordon Strachan, hinn kunnir knattspyrnustjóri Celtic, skeri sig nokkuð frá öðrum stjórum í Skotlandi fyrir þær sakir að hann mætir á alla leiki varaliðsins og flesta leiki unglíngaliðsins. „Það er mjög óvenjulegt að stjóri aðalliðsins mæti alltaf á völlinn til að skoða yngri leikmenn félagsins. Strachan fylgist mjög vel með og líkar mjög vel við það sem hann hefur séð til Theódórs. Því miður hefur hann ekki séð til Kjartans vegna meidslanna,“ segir McStay en Theódór æfir að mestu með U-19 ára liðinu en er byrjaður að æfa lítilliga með aðal- og varaliði Celtic og hefur komið við sögu í



NEIL WARNOCK Warnock er einn eftiráttaði knattspyrnustjóri Bretlandseyja.

Warnock áfram í 1. deildinni: Ekki tilbúinn að fara

FÓTBOLTI Neil Warnock, knattspyrnustjóri Sheffield United, er hættur við að taka við liði Portsmouth vegna þrýstings frá aðdáendum Sheffield United, en honum hefur tekist að halda liðinu í toppbaráttu í ensku 1. deildinni.

„Ég get alveg viðurkennt það að ég ihugaði alvarlega að fara að hjálfa í úrvalsdeildinni, vegna þess að mér stóð það til boða. En ég ætla mér ekki að fara neitt. Að minnsta kosti eins og mál standa núna. Mikilvægast af öllu er að komast í úrvalsdeildina með Sheffield United.“

Harry Redknapp, knattspyrnustjóri Southampton, hefur verið orðaður við stjórstöðuna hjá Portsmouth en hann var knattspyrnustjóri hjá félaginu áður en hann fór til Southampton. „Ég veit ekki hvaðan þessar fréttir koma. Ég ætla mér að vera áfram hjá Southampton og best af öllu væri ef ég gæti komið liðinu upp í úrvalsdeildina að nýju.“

-mh

Glæný línuýsa Glæný stórlúða

Fullt af girnilegum fiskréttum

Nýsteiktar fiskibollar og velútvatnaður saltfiskur ásamt nýbökuðu rúgbrauði frá HP Selfossi.

Sjáumst eldhress í dag!!!



**FISKBÚÐIN
HAFBERG**

Gnoðarvogi 44, sími 588 8686



Fiskbúðin Vör
— Fiskikóngurinn —

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70



GORDON STRACHAN Strachan hyggst styrkja leikmannahóp Celtic á næstunni.

Gordon Strachan um Keane: Ég vil fá Roy Keane til Celtic

FÓTBOLTI Gordon Strachan, knattspyrnustjóri Celtic, hefur mikinn áhuga á því að fá Roy Keane, fyrrum fyrirliða Manchester United, til liðs við Celtic. „Auðvitað vill ég fá Roy Keane til Celtic. Hann var stórkostlegur hjá Manchester United og hann á eflaust eftir að vera góður í nokkur ár til viðbótar.“

Strachan sagðist vera tilbúinn til þess að ræða við Keane. „Ef Keane hefur áhuga á því að koma til okkar erum við meira en til í að leyfa honum að koma.“

-mh

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Arsenal á sigurbraut: Hugarfarið skipti öllu máli

FÓTBOLTI Sol Campbell, varnarmaður Arsenal, segir hugarfarsbreytingu innan leikmannahópsins hjá Arsenal hafa gert það að verkum að liðið fór að vinna leiki að nýju, en Arsenal er nú í öðru sæti deildarinnar. „Við leikmenn settumst niður og ræddum um vandamál liðsins. Það vantaði leikgleði og meiri samtakamátt í okkar leik og við höfum nú lagað það.“

Campbell hefur verið töluvert mikið frá vegna meiðsla í vetur en hann berst nú hart fyrir sæti í byrjunarliði Englands fyrir HM í Þýskalandi á næsta ári. -mh

Bónusgreiðslur hjá Chelsea fyrir tímabilið 2003-2004 verða rannsakaðar enn frekar:

Chelsea gæti fengið harða refsingu

FÓTBOLTI Bónusgreiðslur til leikmanna Chelsea fyrir um tveimur árum síðan verða rannsakaðar á næstunni af enska knattspyrnusambandinu en Jimmy Floyd Hasselbaink, sem nú leikur með Middlesbrough, olli miklu fjaðrafoki á dögum þegar hann greindi frá 100 þúsund punda greiðslum sem allir leikmenn Chelsea fengu frá Roman Abramovitsj að tímabili loknu vorið 2004. „Í upphafi tímabils var okkur lofað 50 þúsund punda greiðslu ef við næðum þeim markmiðum sem leikmannahópurinn og knattspyrnstjórnin settu sér. Það tókst, en í

stað þess að fá 50 þúsund fengum við 100 þúsund. Við fengum enga útskýringu á þessu. En þetta kom sér ágætlega,“ sagði Hasselbaink.

Talsmaður Chelsea neitar því að þessar greiðslur hafi verið ólöglegar. „Öll félög í landinu borga leikmönnum bónusa fyrir að ná árangri. Það er ekkert óeðlilegt við það. Og allar þessar greiðslur koma fram í bókhaldi félagsins.“ -mh

JIMMY FLOYD HASSELBAINK
Jimmy segir bónusgreiðslurnar hjá Chelsea hafa komið sér vel.



ZLATAN IBRAHIMOVIC Zlatan hefur leikið frábærlega með Juventus í vetur og ætla sér að ljúka ferli sínum með félaginu.

Zlatan Ibrahimovic: Ætla að vera hér að eilífu

FÓTBOLTI Sænski landsliðsmaðurinn Zlatan Ibrahimovic segist ætla að klára feril sinn með Juventus á Ítalíu, en hann gekk til liðs við félagið í fyrra. „Ég gerði mér ekki grein fyrir því hversu stórt félag Juventus er þegar ég var hjá Ajax. Mér finnst ég vera orðinn hluti af fótboltaheiminum núna. Juventus-treyjan er mikilvægari en allt annað. Ég ætla mér að vera hjá Juventus eins lengi og mögulegt er.“

Zlatan segir Juventus tilheyra hópi félaga sem eru yfir önnur félög hafin. „Það eru aðeins Barcelona, Real Madrid og Manchester United sem komast á sama stall og Juventus í mínum huga. Þetta er fjögur stærstu félög í heiminum, ásamt AC Milan, en ég vil nú ekkert vera að ræða of mikið um það félag,“ sagði Zlatan og glotti. -mh



DIRK KUYT Kuyt er farinn að hugsa sér til hreyfings.

Davids pressar á félag sinn: Davids vill Kuyt til Spurs

FÓTBOLTI Dirk Kuyt, framherji og fyrirlíði Feyenoord í Hollandi, er nú undir miklum þrýstingi frá félag sínum í hollenska landsliðinu, Edgar Davids, að ganga til liðs við Tottenham eftir að þessu keppnistímabili lýkur. „Þegar ég hitti Davids í æfingabúðum hollenska landsliðsins í síðast var hann að segja mér hversu gott félag Tottenham væri. Ég veit að Tottenham er frábært félag og ef ég fer til Tottenham mun ég ræða það sérstaklega við Edgar Davids.“

Kuyt hefur verið einn allra besta leikmaður hollensku úrvalsdeildarinnar undanfarnar tvö ár. -mh

JÓLA PAKKINN

ACE SPECIAL EDITION

VL15
Vaxtalaust í 15 mánuði
9.993

Örgjörvi 3500+ Athlon64 - 939
640K flýtiminni, 1600MHz FSB+HT

Móðurborð MSI K8N NEO4 FI - SATA2
PCI-Express 16x, 8xUSB2, FireWire

Minni 1GB DUAL DDR 400MHz Corsair
Corsair minni með lífstíðarabýrgð

Harðdiskur 250GB WD SE 16MB - SATA II
SATA2 300, 7200RPM og 16MB buffer

Skjåkort 128MB GeForce6 NX6600GT
MSI PCI-Express 16x, 1000MHz DDR3

Skjår 17" LCD Acer 1751as Gamer
8ms viðbragðstími og CrystalBrite

Skrifari 16x DVD± DL skrifari
Skrifar og les DVD og CD diska

Hljóðkort 7.1 Dolby Digital DTS - EAX2
Frábært í leiki og bíómyndir

Hátalarar 5.1 Altec Lansing hljóðkerfi
5 öflugir hátalarar og bassabox

Netkort Gigabit 10/100/1000
Vandað og hraðvirkt netkort

Stýrikerfi Windows XP Home - SP2
A íslensku eða ensku

**GLÆSILEG NÝ KYNSLÓÐ AF
ACE TÖLVUM Í ÁL TURNI**

64 BITA 3500+
Leiðandi inn í framtíðina með framúrskarandi 64-bita tækni, Hyper Transport og 1600FSB

CRYSTALBRITE
17" LCD Gamers Edition skjår með 8ms viðbragðstíma og ótrúlega litadýpt með CrystalBrite

SATA II - 16MB
Western Digital SATA2 harðdiskar eru hljóðlátari áreiðanlegri og allt að 100% hraðvirkari

GEFORCE 6600GT
MSI GeForce NX6600GT er ofur öflugt skjåkort með 1000MHz DDR3 minni, DVI, og TV-út tengi

5.1 HLJÓÐKERFI
Altec Lansing 151i glæsilegt og kraftmikið 5.1 hljóðkerfi með 5 hátölurum og öflugu bassaboxi

SPECIAL EDITION
ACE SE kemur í áltorni með nær hljóðlausum aflagjafa, PRO mús, lyklaborði og SE músarmottu

VERÐ 149.900

TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

Birt með fyrirvara um breytingar, innstillervillur og myndbreytingar



FRANK LAMPARD Lampard á örugglega eftir að bæta metið mikið.

Ótrúlegt met Frank Lampard: Staldrar ekki við metið

FÓTBOLTI Frank Lampard segir met sitt, sem hann setti um helgina, vera afar ánægjulegt en hann hyggst þó ekki staldrara neitt við það.

„Það er ánægjulegt að hafa spilað 160 leiki í röð í ensku úrvalsdeildinni. Þetta er merkilegur áfangi á ferli mínum. En ég ætla mér ekki að staldrara við þetta met. Ég horfi alltaf fram á við og met framlag mitt til liðsins eftir hvern einasta leik.“ -mh

Erlendir leikmenn sýna áhuga á því að að spila fyrir Teit Þórðarson:

Margir vilja koma til KR

FÓTBOLTI Teitur Þórðarson, þjálfari KR, segir að margir leikmenn hafi haft samband við sig frá Útlöndum og lýst yfir áhuga á að spila fyrir félagið. Hann segir þó að öll þau mál séu í biðstöðu því hann sé að koma sér fyrir hjá félaginu og gera sér grein fyrir þeim leikmannahópi sem hann sé með í höndunum. „Ég hef verið upptekinn við að skoða leikmannahópinn og list vel á hann en ég útiloka það ekki að fá áhugaverða leikmenn sem standa til boða. Ég hef ennþá ekki stjórnað liðinu í leik þannig að ég hef ekki myndað mér skoðun á því hvort það sé einhver sérstök staða sem þurfi að styrkja,“ sagði Teitur.

„Það eru talsvert margir leikmenn erlendis sem hafa haft samband við mig og lýst yfir áhuga á að spila fyrir KR. Það eru þá leikmenn sem ég þekki vel frá því að ég var að þjálfra úti. Það er mjög jákvætt en þau mál eru öll í biðstöðu sem stendur þó við munum vafalaust skoða einhverja af þessum leikmönnum í vetur.“

Sögur hafa verið í gangi um að Teitur sé í markmannsleit og hafi haft samband við varamakvörð Rosenborg. „Ég þekki þennan strák frá því að við vorum báðir hjá Brann og ég hef sagt við hann að ef sú staða helst óbreytt að



TEITUR ÞÓRÐARSON Teitur er farinn að huga að breyttum þjálfunaraðferðum hjá KR.

hann fær ekkert að spila þá geti hann haft samband við mig,“ sagði Teitur.

Skoskur markmannspjálfi, Barry Thomson, hefur starfað fyrir félagið að undanförunu en hann lék hér á landi á sínum tíma. „Við erum að leita okkur að markmannspjálfa sem getur starfað við alla flokka hjá okkur. Það er engin spurning að við þurfum að fá okkur markmannspjálfa en

verio er að kanna það hvernig það komi út fjárhagslega,“ sagði Teitur, sem útilokaði ekki að fleiri sérþjálfarar yrðu kannski fengnir við hlið hans en áherslan væri lögð á að fá markmannspjálfa. „Við þurfum síðan að sjá hvernig fjárhagur okkar er; hvort hann verði með okkur alla daga eða nokkrum sinnum í viku. Mín ósk er að hann starfi með okkur á hverjum degi.“ -egm

Meistaramót Evrópumeistara:

Ciudad Real hafði sigur

HANDBOLTI Ciudad Real, lið Ólafs Stefánssonar, lagði í gær Magdeburg að velli, 37-28, í úrslitaleik meistaramóts Evrópumeistara sem fram fór á Spáni.

Ólafur Stefánsson skoraði átta mörk fyrir Ciudad Real en Arnór Atlason skoraði fimm mörk fyrir Magdeburg og Sigfús Sigurðsson skoraði tvö mörk.

Ciudad Real hafði tögl og hagldir allan leikinn en staðan í hálfleik var 19-16 Ciudad Real í hag. Barcelona endaði í þriðja sæti á móttinu en Admar Leon endaði í fjórða sæti, eftir að hafa tafað 31-30 fyrir Barcelona. -mh



PATRICK KLUIVERT

Patrick Kluivert:

Shearer eyðilagði ferilinn

FÓTBOLTI Patrick Kluivert segir Alan Shearer hafa eyðilagð feril sinn hjá Newcastle United. „Það var alltaf bara horft á það að hafa Shearer í liðinu. Ég og Craig Bellamy náðum frábærlega saman og hefðum átt að spila alla leiki saman í framlínunni.“

Kluivert náði sér engan veginn á strik hjá Newcastle en hann leikur nú með Valencia á Spáni. -mh

Grétar Rafn Steinsson:

AZ Alkmaar á sigurbraut

FÓTBOLTI Grétar Rafn Steinsson og félagar í AZ Alkmaar í Hollandi eru nú komnir á sigurbraut í hollensku knattspyrnunni en í gær lagði liðið Roda að velli með tveimur mörkum gegn engu.

Grétar Rafn er nú þegar orðinn lykilmáður í liði AZ Alkmaar en hann hefur spilað undanfarna sex leiki í byrjunarliði. AZ Alkmaar er nú í þriðja sæti í hollensku deildinni, en liðið er í Evrópukeppni félagsliða og mætir Middlesbrough á heimavelli í næstu umferð. -mh

Dauðvona móðir 12 ára undrabarns fær ósk sína uppfyllta

Forráðamenn atvinnumótaráðar kvenna í golfi hafa veitt tólf ára stúlku undanþágu til að hún geti keppt á Resort-móttinu í apríl á næsta ári. Henni er veitt þátttaka þar sem hinsta ósk dauðvona móður hennar er að sjá dóttur sína spila á atvinnumótti.

GOLF Dakota Dowd er tólf ára stúlka frá Bandaríkjunum sem þykir efnilegasti golfleikari sem komið hefur fram á sjónvarsviðið síðan Michelle Wie fór fyrst að vekja athygli fyrir nokkrum árum. Dowd, sem er margfaldur barna- og unglíngameistari í Bandaríkjunum, hefur nú verið veitt undanþágu til að keppa á mótti á LPGA atvinnumótaröð kvenna í lok apríl á næsta ári til að uppfylla draum dauðvona móður hennar, Kelly Jo Dowd.

Kelly Jo greindist með brjóstakrabbamein árið 2002 og gekk í gegnum langa og stranga meðferð næstu tvö árin til að vinna gegn meininu. Svo virtist sem það hefði tekist, allt þar til að í ljós kom á þessu ári að meinið hafði náð föttestu í beinum hennar og hinum ýmsu líffærum. Krabbameinið er komið á það stig að vera ólæknanlegt og segja lækna að Kelly Jo eigi aðeins nokkra mánuði eftir.



SAMRÝMDAR MÆÐGUR Kelly Jo og Dakota Dowd hafa gengið í gegnum súr og sætt síðustu átta árin, en það er sá tími sem Dakota hefur verið að þróa sína ótrúlega náttúrulega hæfileika í golfi.

„Vonandi mun hún þrauka fram í apríl til að sjá mig spila,“ segir hin tólf ára gamla Dakota, en móðir hennar hefur verið hennar stoð og stytta í íþróttinni allt frá fimm ára aldri.

Það er Bobby Ginn, eigandi Ginn-klúbbsins sem stendur fyrir móttinu í lok apríl, sem stendur fyrir undanþágu Dakota

